

# HÆFNIRAMMI FYRIR SAMFÉLAGSLEGA ÞÁTTTÖKU/ SAMFÉLAGSVITUND

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Samfélagsleg þátttaka felur í sér samfélagsvitund og ábyrgð sem iðkuð er með því að leggja af mörkum til að bæta líf fólks í samfélaginu. Í þessu felst að þróa með sér þá þekkingu, hæfni, gildi og áhugahvöt sem þarf til að stuðla að bættum lífsgæðum í samfélaginu bæði eftir pólitískum og ópólitískum leiðum. Persónuleg þátttaka sem er í senn gefandi fyrir einstaklinginn og auðgandi fyrir samfélagið fellur einnig undir samfélagslega þátttöku.

## Skýring

Í sögulegu samhengi hefur það verið hlutverk háskóla að undirbúa stúdenta/nemendur undir opinbert líf sem borgarar, sérmenntað starfslið og virkir samfélagsþegnar. Markviss kennsla í að efla samfélagsvitund er þó flóknari en svo. Hæfniviðmið samfélagslegrar þátttöku eru tengd sjálfsvitund og persónulegri skuldbindingu, hefðum og umgjörð fræðasviða, venjum og starfsháttum nemenda, sem og markmiðum og gildum háskóla. Þessi hæfniramma er hannaður til að gera hæfniviðmið um samfélagsþátttöku skýrari. Samfélagsleg þátttaka (stundum nefnd borgaraleg þátttaka) birtist í ýmsum myndum, frá sjálfböðastarfi einstaklinga til aðildar að samtökum og kosningaþátttöku. Fyrir nemendur getur þetta einnig átt við samfélagsmiðað nám, svo sem þjónustunám, samfélagsrannsóknir eða aðra samfélagslega þjónustu. Nota má ýmis dæmi um vinnu eða samsafn verkefna til að leggja mat á þetta, til dæmis:

- Nemandinn stofnar og hefur umsjón með þjónustukennslu sem virkjar aðra (svo sem ungliða eða íbúa ákveðins hverfis) til þátttöku í þágu málstaðar sem skiptir nemandann máli. Í gegnum það ferli virkjar nemandinn aðra í umræðulýðræði og virkri þátttöku í lýðræðisferlum, kennir þeim að nýta rödd sína og grípa til aðgerða sem eru til þess fallnar að stuðla að samfélagsbreytingum.
- Nemandinn rannsakar, skipuleggur og sér um lýðræðismálþing með umræðu um tiltekin málefni, þar sem ólík sjómarmið eru rædd og hvernig megi stuðla að jákvæðum samfélagsbreytingum með ýmsum opinberum aðgerðum. Þetta leiði til þess að nemendur, háskólakennarar og aðrir samfélagsþegnar verði virkjaðir í að hafa áhrif á málefnið.
- Nemandinn vinnur að og hefur frumkvæði að fjölþættu átaki sem ætlað er að stuðla að mælanlegri vitundarvakningu eða aukinni þekkingu fólks um tiltekið málefni, eða jafnvel breytingum á opinberri stefnu. Í gegnum þetta ferli sýnir nemandinn fram á margþætta hæfni og getu til aðgerða á sviði samfélagsþátttöku.
- Nemandinn samskiptir akademíska vinnu sína við samfélagsþátttöku og skapar ápreifanlega afurð (t.d. tillaga að lagafrumvarpi eða stefnumótun, stofnun fyrirtækis, þróun samfélagslegra innviða, bætt vatnsgæði, vísindalegt mat, þarfagreining, rannsóknarritgerð, þjónustuáætlun, stofnun samtaka). Afurðin á að virkja meðlimi samfélagsins og bregðast við þörfum samfélagsins og tilteknum þáttum í gerð þess.

Því má bæta við að starf á borð við það sem hér er lýst er vel til þess fallið að hvetja til endurskoðunar ferla varðandi ýmsa samfélagsþætti þar sem íbúar í samfélaginu taka þátt í vinnunni, s.s. meðlimir félaga, vinnufélagar, meðlimir samfélagsins almennt og aðrir sem koma að því ferli sem við á hverju sinni.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Samfélagsvitund: Meðvitund um samfélagslega ábyrgð (Íslensk nútímamálsorðabók).
- Borgaraleg/samfélagsleg sjálfsmynd: Þegar einstaklingur lítur á sjálfan sig sem ábyrgan og virkan þátttakanda í samfélaginu, og finnur til skuldbindingar og ábyrðar á því að vinna með öðrum að markmiðum í almannabágu.
- Þjónustunám: Nám þar sem nemandi öðlast reynslu með því að taka þátt í skipulagðri þjónustustarfsemi og ígrunda reynsluna þannig að hann/hún öðlist dýpri skilningi á námsefninu, læri að meta gildi fræðasviðsins og dýpki skilning á persónulegum gildum og samfélagslegri ábyrgð.
- Samskiptafærni: Felur í sér hlustun, ígrundun, að komast að samkomulagi og að nýta ágreiningsefni til að ná árangri.
- Borgaralegt líf/samfélagslegt líf: Það líf borgara/samfélagsmeðlima á opinberum vettvangi sem tengist málefnum samfélags og þjóðar, andstæðan væri persónulegt líf, sem snýst um persónuleg markmið og áhugamál.

- Borgaravitund: Vitund einstaklings um réttindi sín, skyldur, ábyrgð og áhrif sem borgari í samfélagi. Borgaravitund getur vísað til nærsamfélags og alþjóðasamfélags. Þroskuð borgaravitund einstaklings felur í sér að geta hugsað um að hvaða leyti hann getur haft áhrif til góðs fyrir sjálfan sig og jafnframt fyrir aðra í samfélaginu (Íðorðabanki í menntunarfræði).
- Pólitík: Ferli þar sem hópur fólks, sem getur haft ólíkar skoðanir og áhugasvið, nær að komast að sameiginlegum niðurstöðum sem litið er á sem bindandi fyrir hópinn og er framfylgt sem sameiginlegri stefnu. Pólitískt líf gerir fólki kleift að ná markmiðum sem ekki væri hægt að ná einn síns liðs. Pólitík kemur óhjákvæmileg upp þegar hópar fólks lifa og starfa saman og þörf er á sameiginlegri ákvarðanatöku, í hvaða mynd sem hún birtist.
- Stjórnmal: hvers kyns málefni er varða rekstur og starfsemi þjóðfélagsins, einkum það sem ekki er þegar ákveðið með lögum og reglugerðum (Íðorðabanki í alþjóðastjórnmalum og stórnmalafraði).
- Stjórnsýsla: Öll sú starfsemi sem lýtur að því að framfylgja stefnu stjórnvalda hverju sinni (Íðorðabanki í alþjóðastjórnmalum og stjórnmálafræði)
- Borgaralegt/samfélagslegt samhengi: Samtök, hreyfingar, svæði eða staður þar sem fólk og aðrar lifandi verur búa, sem skilgreina má sem samastað (skóli, þjóðgarður, góðgerðarsamtök, bær, hérað, þjóðríki) eða sem skilgreina má út frá sameiginlegri sjálfsmynd (t.d. Skagfirðingar, Íslendingar, sósíalistar, framsóknarmenn, flóttamenn, o.s.frv.). Auk þess má skilgreina samhengi fyrir samfélagsleg þátttöku á margan hátt s.s. að veita fólki, hópum eða samfélagi stuðning t.d með samfélagsþjónustu, sjálfböðavinnu eða gegnum háskólanám.

# HÆFNIRAMMI FYRIR SAMFÉLAGSLEGA ÞÁTTTÖKU

## Skilgreining

Samfélagsleg þátttaka felur í sér samfélagsvitund og ábyrgð sem iðkuð er með því að leggja af mörkum til að bæta líf fólks í samfélaginu. Í þessu felst að þróa með sér þekkingu, hæfni, gildi og áhugahvöt sem þarf til að stuðla að bættum lífsgæðum í samfélaginu bæði eftir pólitískum og ópólitískum leiðum. Persónuleg og samfélagsleg þátttaka sem er gefandi fyrir einstaklinginn og auðgandi fyrir samfélagið fellur einnig undir samfélagslega þátttöku.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Fjölbreytileiki samfélaga og menningarheima</b>	Nemandi sýnir fram á breytingu á eigin afstöðu og viðhorfum eftir að hafa unnið með og dregið lærdóm af fjölbreytileika samfélaga og menningar. Hvetur aðra til að taka þátt í margvíslegum samfélögum og fjölbreyttum menningarheimum.	Nemandi ígrundar hvernig eigin afstaða og viðhorf eru frábrugðin viðhorfum annarra menningarheima og samfélaga. Er forvitinn um hvað læra megi af margvíslegri menningu og mismunandi samfélögum.	Nemandi er meðvitaður um að eigin afstaða og viðhorf eru frábrugðin viðhorfum annarra menningarheima og samfélaga. Sýnir litla forvitni um hvaða lærdóm megi draga af margvíslegri menningu og mismunandi samfélögum.	Nemandi sýnir einhliða- og einstaklingsmiðaða afstöðu og viðhorf. Sýnir áhugaleysi eða hefur ekki trú á að hægt sé læra neitt af því að kynnast fjölbreyttum menningarheimum og mismunandi samfélögum.
<b>Greining á þekkingu</b>	Nemandi myndar tengsl milli þekkingar (staðreynda, kenninga, o.s.frv.) úr eigin námi/fræðigreini og samfélagslegrar þátttöku og byggir á þeirri þekkingu þegar kemur að eigin þátttöku í málefnum samfélagsins, stjórnámálum og stjórnun á opinberum vettvangi.	Nemandi greinir þekkingu (staðreyndir, kenningar, o.s.frv.) úr eigin námi/fræðigreini og tengir við samfélagslega þátttöku, s.s. eigin þátttöku í málefnum samfélagsins, stjórnámálum og stjórnun á opinberum vettvangi.	Nemandi er farinn að tengja á milli þekkingar (staðreynda, kenninga, o.s.frv.) úr eigin námi/fræðigreini og samfélagslegrar þátttöku, sem og eigin þátttöku í málefnum samfélagsins, stjórnámálum og stjórnun á opinberum vettvangi.	Nemandi er byrjaður að bera kennsl á þekkingu (staðreyndir, kenningar, o.s.frv.) úr eigin námi/fræðigreini og tengja það við samfélagslega þátttöku, s.s. eigin þátttöku í málefnum samfélagsins, stjórnámálum og stjórnun á opinberum vettvangi.
<b>Borgaraleg sjálfsmynd og samfélagsleg skuldbinding</b>	Nemandi sýnir fram á reynslu af þátttöku í samfélagslegum verkefnum, lýsir því hvað reynslan kenndi honum/henni um sjálfan/sjálfa sig og hvaða áhrif sú reynsla hafði til að styrkja og skýra samfélagslega sjálfsmynd hans/hennar og áframhaldandi skuldbindingu til þátttöku í samfélagslegum verkefnum.	Nemandi sýnir fram á reynslu af þátttöku í samfélagsverkefnum, lýsir því hvað reynslan kenndi honum/henni um sjálfan/sjálfa sig í samhengi við vaxandi borgaralega sjálfsmynd og ábyrgðarkennd.	Gögn benda til að reynsla nemanda af þátttöku samfélagverkefnum sé til komin vegna krafna sem gerð voru til hans í námi fremur en að þau tengist samfélagslegri/borgaralegri sjálfsmynd.	Nemandi hefur litla eða enga reynslu af þátttöku í samfélagsverkefnum og tengir reynslu sína ekki við borgaralega sjálfsmynd.
<b>Samskiptafærni</b>	Nemandi beitir samskiptaháttum sem byggja á virkri hlustun, lagar sig að öðrum og skapar með því tengsl sem eru til þess fallin að ýta undir samfélagslegar aðgerðir.	Nemandi á árangursrík samskipti í samfélagslegu samhengi, sem sýna fram á færni í tjáningu, hlustun og því að aðlaga hugmyndir og skilaboð sín að sjónarmiðum annara.	Nemandi á samskipti í samfélagslegu samhengi, sem sýna fram á færni í fleiru en einum af eftirfarandi þáttum: tjáningu, hlustun, því að aðlaga hugmyndir og skilaboð sín að sjónarmiðum annara.	Nemandi hefur haft samskipti í samfélagslegu samhengi, sem sýna fram á færni í einum af eftirfarandi þáttum: tjáningu, hlustun, því að aðlaga hugmyndir og skilaboð sín að sjónarmiðum annara.
<b>Samfélagsleg virkni og ígrundun</b>	Nemandi sýnir fram á sjálfstæða reynslu og sýnir frumkvæði í liðsstjórnun í flóknum eða margþættum samfélagsverkefnum þar sem beitt var ígrundaðri innsýn eða greiningu á markmiðum og afrakstri eigin framlags	Nemandi hefur sjálfstæða reynslu af þátttöku í samfélagsverkefnum og hefur sinnt liðsstjórnun og beitt ígrundaðrari innsýn eða greininu á markmiðum, og afrakstri eigin framlags.	Nemandi hefur bersýnilega tekið þátt í samfélagsverkefnum og býr yfir grunnhæfni hvað varðar ígrundun eða lýsingar á hvernig aðgerðir geta gagnast einstaklingum eða samfélögum.	Nemandi hefur gert tilraunir til þátttöku í samfélagsverkefnum en sýnir litla innsýn þegar kemur að eigin markmiðum eða áhrifum og litla ábyrgðarkennd þegar kemur að framtíðarvirkni.

<b>Samfélagslegt samhengi</b>	Nemandi sýnir fram á hæfni og ábyrgðarkennd hvað varðar samvinnu bæði innan samfélags og þvert á samfélög í þeim tilgangi að ná samfélagslegum markmiðum.	Nemandi sýnir fram á hæfni og ábyrgðarkennd til að taka virkan þátt í vinnu um samfélagsleg málefni í þeim tilgangi að ná samfélagslegum markmiðum.	Nemandi sýnir fram á reynslu af því að bera kennsl á leiðir til að <i>taka þátt í</i> samfélagsverkefnum.	Nemandi hefur prófað að taka þátt í samfélagsverkefnum, mátar mismunandi verkefni við sig til að sjá hvað hentar honum/henni
-------------------------------	---	---	---	--

# HÆFNIRAMMI FYRIR SKAPANDI HUGSUN

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Skapandi hugsun er bæði hæfni við að tengja saman eða samþætta hugmyndir, myndir eða sérþekkingu sem er til staðar með frumlegum hætti og reynsla af að hugsa, bregðast við og vinna með myndunaraflíð sem einkennist af nýsköpun, frumlegum lausnum og dirfsku. Sjá íslenskar skilgreiningar í hugtakalistanum.

## Skýring

Skapandi hugsun, sem ýtt er undir í háskólamenntun, þarf að aðgreina frá annars konar sköpun, sem ekki er eins kjörnuð, t.d. teikningu ungs barns, sem sprettur ekki út frá skilningi þess á tengslum heldur að barnið er ekki háð takmörkunum (sem fullorðnir hafa lært). Í háskólamenntun er einungis hægt er sýna fram á skapandi hugsun sem afurð innan tiltekins sviðs. Nemandinn verður að hafa sterkan grunn í þeim aðferðum og kunnáttu sem tilheyrir viðkomandi fræðasviði til að geta tengt og samþætt. Skapandi hugsuður sem sýnir framúrskarandi færni byggir á traustri þekkingu á grunnþáttum fræðasviðsins þegar hann fer út fyrir mörk þess á nýjan og frumlegan hátt eða tengir á óhefðbundinn hátt. Hann afhjúpar tengsl með gagnrýnum hætti og kemur fram með nýjar lausnir þar sem hann beitir eða skilur þá skapandi áhættu sem þarf að taka til að komast að lausn. (fyrri þýð á síðustu setn: Í gegnum þetta ferli afhjúpar viðkomandi ný tengsl eða ber kennsl á þau með gagnrýnni sýn sinni á efnið).

Hæfnirammaumanum fyrir skapandi hugsun er ætlað að auðvelda starfsfólki að meta skapandi hugsun á breiðum grunni í jafnt þverfræðilegum verkefnum sem verkefnum innan fræðigreina. Kvarðinn er byggist á mælikvörðum sem einkenna skapandi hugsun óháð fræðasviði. Sem dæmi um verkefni sem hægt er að meta á grundvelli skapandi hugsunar má nefna rannsóknarritgerðir, rannsóknarskýrslur, tónverk, stærðfræðijöfnur sem leysa vandamál, frumgerð hönnunar, ígrundun um lokaafurð eða niðurstöður verkefnis, sem og aðra akademíska vinnu. Þessi verkefni gætu verið leyst af einum nemanda eða hópi nemenda.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfnirammaa.*

- *Fyrirmynd (e. exemplar): Líkan, módel eða myndur sem hægt er að endurskapa eða líkja eftir*
- *Sérsvið/Fræðasvið: Starfs- eða fræðigreinin og þekkingar- og áhrifasvið.*
- *Fræðigrein: skipulagt þekkingarsvið, skipulegt rannsóknarsvið, þekkingargrein (Íðorðabanki í upplýsingafræði).*
- *Skapandi hugsun: Hugsun sem felur í sér að nota ímyndunaraflíð til þess að nálgast viðfangsefni á nýjan hátt og skapa þar með eitthvað nýtt. Markvís hugsun sem er að verki, þegar leitað er að nýrri lausn á viðfangsefni, nýjum venslum fyrirbæra, nýjung í tækni eða frumlegu verki og vinnubrögðum í list (Íðorðabanki í menntunarfræði og uppeldis og sálarfræði).*

# HÆFNIRAMMI FYRIR SKAPANDI HUGSUN

## Skilgreining

Skapandi hugsun er bæði hæfni við að tengja saman eða samþætta hugmyndir, myndir eða sérþekkingu sem er nú þegar til með frumlegum hætti og reynsla af að hugsa, bregðast við og vinna með ímyndunaraflíð sem einkennist af nýsköpun, frumlegum lausnum og dirfsku.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Að öðlast færni</b> <i>Þetta skref á við um að læra aðferðir og kunnáttu innan tiltekins fræðasviðs</i>	Endurspeglun: Nemandi metur sköpunarferlið og afurðina út frá viðmiðum fræðasviðsins.	Sköpun: Nemandi skapar algerlega nýja afurð, lausn eða hugmynd sem er viðeigandi innan fræðasviðsins.	Aðlögun: Nemandi notar viðeigandi fyrirmynd og aðlagar hana fyrir lausn á eigin fræðasviði	Líkan: Nemandi gerir eftirmynd af viðeigandi fyrirmynd með góðum árangri
<b>Að taka áhættu</b> <i>Undir þetta fellur persónuleg áhætta (ótti um höfnun eða að verða sér til skammar) eða hætta á að mistakast að skila verkefni sem uppfyllir settar kröfur, t.d. með því að fara út fyrir settan ramma, kynna nýtt efni eða framsetningu, takast á við umdeild umræðuefni, tala fyrir óvinsælum hugmyndum eða lausnum.</i>	Nemandi leitar með vikum hætti leiða til að nota áður óreyndar og mögulega áhættusamar nálganir og aðferðir til að leysa lokaverkefnið og fylgir þeim eftir í niðurstöðum sínum.	Nemandi notar nýjar aðferðir og nálgun við úrlausn lokaverkefnis síns.	Nemandi ihugar nýjar aðferðir og nálgun án þess þó að fara út fyrir leiðbeiningar verkefnisins.	Nemandi fylgir leiðbeiningum verkefnisins alfarið.
<b>Úrlausn vandamála</b>	Nemandi býr ekki einungis til rökrétta og samkvæma áætlun um úrlausn vandamáls, heldur gerir sér grein fyrir afleiðingum lausnarinnar og færir haldbær rök fyrir vali sínu.	Nemandi velur rökrétta og samkvæma lausn á vandamáli úr gefnum valkostum.	Nemandi veltir fyrir sér og hafnar nálgunum sem eru ekki viðeigandi við úrlausn vandamáls.	Nemandi veltir fyrir sér og notar einungis eina nálgun við úrlausn vandamáls.
<b>Tekist á við mótsagnir</b>	Nemandi vinnur úr og tekst að samþætta að fullu ólík, ósamleit eða mótsagnakennd sjónarmið eða hugmyndir.	Nemandi prófar sig áfram við að vinna með ólík, ósamleit og mótsagnakennd sjónarmið eða hugmyndir.	Nemandi vinnur að einhverju leyti með ólík, ósamleit og mótsagnakennd sjónarmið eða hugmyndir og viðurkennir gildi þeirra.	Nemandi gerir sér grein fyrir ólíkum ósamleitum og mótsagnakenndum sjónarmiðum eða hugmyndum.
<b>Nýsköpunarhugsun</b> <i>Nýbreytni eða frumleiki (í hugsunum, staðhæfingum, spurningum, framsetningu o.s.frv.)</i>	Nemandi varpar fram nýstárlegri eða frumlegri hugmynd, spurningu, framsetningu eða afurð sem stuðlar að nýrri þekkingu eða þverfræðilegri þekkingu.	Nemandi varpar fram nýstárlegri eða frumlegri hugmynd, spurningu, framsetningu eða afurð.	Nemandi prófar sig áfram með nýstárlega eða frumlega hugmynd, spurningu, framsetningu eða afurð.	Nemandi umorðar samsafn tiltækra hugmynda.
<b>Tenging, samþætting, umbreyting</b>	Nemandi umbreytir hugmyndum eða lausnum svo þær taka á sig alveg nýtt form.	Nemandi samþættir hugmyndir eða lausnir svo þær mynda rökrétta heild.	Nemandi tengir hugmyndir eða lausnir með nýstárlegum hætti.	Nemandi gerir sér grein fyrir tengslum þeirra hugmynda eða lausna sem fyrir liggja.



# HÆFNIRAMMI FYRIR GAGNRÝNA HUGSUN

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Hugsun sem felst í að beita rökhugsun, huga að orsakatengslum og greina hvort röksemdarfærslur eru gildar eða ekki. Markvís hugsun, sem leitar sanninda og metur gildi (Íðorðabanki í menntunarfræði og Íðorðabanki í uppeldis- og sálarfræði).

## Skýring

Þessi hæfniviðmið eiga að vera þverfaglegt og endurspeglar að það er almennt viðurkennt að á öllum fræðasviðum þarf að byggja á rannsókn og greiningu til þess að ná árangri. Enn fremur benda rannsóknir til þess að farsælir gagnrýnir hugsuðir á öllum fræðaviðum þurfi í auknum mæli að geta beitt þeirri færni sinni við mismunandi og breytilegar aðstæður sem koma upp á öllum sviðum daglegs lífs. Þessi hæfniramma er ætlaður til notkunar við mat á úrlausnum margs konar verkefna og tillögurnar sem eru settar fram eru ekki tæmandi listi yfir möguleika. Beiting gagnrýnnar hugsunar birtist í verkefnum sem ganga út á að nemendur setji fram heildstæða greiningu á texta, gögnum eða viðfangsefnum. Verkefni sem bjóða upp á mismunandi framsetningu á lausn geta reynst sérlega gagnleg í sumum greinum. Ef innsýn í ferli gagnrýnnar hugsunar er mikilvæg (t.d. hvernig heimildir eru metnar burtséð frá hvort þær eru hluti af niðurstöðum) geta verkefni sem leggja áherslu á ígrundun nemenda verið mjög lýsandi

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Tvíræðni: Upplýsingar sem hægt er að túlka á fleiri en einn hátt. Ísl nútímamálsorðabók: orð sem hægt er að skilja á fleiri en einn veg
- Forsendur/skilyrði: (e. assumption, líka þýtt á ísl sem hugmynd sem gengið er út frá að sé rétt.) Hugmyndir, aðstæður eða skoðanir (oft dular eða óyrtar) sem gengið er út frá að séu réttar án þess að það sé rökstutt.
- Samhengi: Sögulegar, siðfræðilegar, pólitískar, menningarlegar eða umhverfislegar kringumstæður eða aðstæður sem hafa áhrif á og geta flækt ígrundun viðfangsefna, hugmynda, hluta og viðburða.
- Bókstafleg merking: Þegar upplýsingar eru túlkaðar samkvæmt bókstaflegri framsetningu þeirra. Til dæmis ef setningin „hún var græn af öfund“ væri túlkuð þannig að húð hennar væri græn á litinn.
- Myndlíking: Framsetning sem á ekki að túlka bókstaflega. Til dæmis á setningin „hún var græn af öfund“ ekki að lýsa húðlit heldur sterkum tilfinningum. Íslensk nútímamálsorðabók: Stíllragð sem felst í að orð er notað í annarri merkingu en það hafði upphaflega, myndhvörf, myndhverfing



# HÆFNIRAMMI FYRIR GAGNRÝNA HUGSUN

## Skilgreining

Gagnrýnin hugsun er hugarfar sem einkennist af alhliða könnun á málefnum, hugmyndum eða atvikum áður en afstaða er tekin eða álit látið í ljós. Markvís hugsun, sem leitar sanninda og metur gildi (Íðorðabanki í menntunarfræði og Íðorðabanki í uppeldis- og sálarfræði).

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Útskýring á/Greinargerð um álitamál</b>	Álitamál sem þarf að taka gagnrýna afstöðu til eru sett fram skýrt og skilmerkilega og fylgt eftir með viðeigandi upplýsingum sem þarf til að skilja viðfangsefnið til hlítar.	Álitamálinu sem þarf að taka gagnrýna afstöðu til er lýst og það útskýrt og engu sleppt sem gæti aftrað skilningi.	Álitamálinu sem þarf að taka gagnrýna afstöðu til er lýst, en í lýsingunni eru sum hugtök ekki skilgreind, vafaatriði eru ekki skýrð, afmörkun er ekki skýr og/eða baksvið ekki tilgreint.	Álitamálið sem þarf að taka gagnrýna afstöðu til er tilgreint án skýringar eða lýsingar.
<b>Gögn</b> <i>Að velja og nota upplýsingar til að byggja á við mat á sjónarmiðum eða niðurstöðum.</i>	Upplýsingar eru sóttar til heimilda sem bjóða upp á fullnægjandi valkosti við túlkun og mat til að hægt sé að þróa yfirgripsmikla greiningu og/eða komast að niðurstöðu. Sjónarmið sérfræðinga eru rædd ítarlega á gagnrýninn hátt.	Upplýsingar eru sóttar til heimilda sem bjóða upp á nægilega valkosti við túlkun og mat til að hægt sé að þróa sannfærandi greiningu og/eða komast að niðurstöðu. Sjónarmið sérfræðinga eru rædd á gagnrýninn hátt.	Upplýsingar eru sóttar til heimilda sem bjóða upp á einhverja valkosti við túlkun og mat en ekki nægilega ítarlega til að hægt sé að gera heildstæða greiningu eða komast að niðurstöðu. Sjónarmið sérfræðinga eru að mestu tekin gild sem staðreyndir og ekki dregin í efa nema að litlu leyti.	Upplýsingar eru sóttar til heimilda sem nýtast ekkert við túlkun og mat. Sjónarmið sérfræðinga eru að mestu samþykkt sem staðreyndir og ekki dregin í efa.
<b>Áhrif samhengis og forsenda</b>	Eigin forsendur og annarra eru greindar (kerfisbundið og markvisst) og ítarlegt mat er lagt á vægi kringumstæðna eða samhengis við framsetningu afstöðu.	Gerð er grein fyrir eigin forsendum og annarra og tilgreind nokkur atriði í kringumstæðum eða samhengi sem skipta máli, þegar tekin er afstaða.	Sumar forsendur eru dregnar í efa. Nokkrur atriði sem skipta máli í viðkomandi samhengi eru tilgreind þegar afstaða er sett fram. Hugsanlega er forsendum annarra gefið meira vægi en eigin forsendum (eða öfugt).	Sýnir vaknandi meðvitund um fyrirbyggjandi forsendur (skilgreindir stundum fullyrðingar sem forsendur). Byrjar að tilgreina einhver atriði sem skipta máli í viðkomandi samhengi þegar afstaða er kynnt.
<b>Afstaða (sjónarhorn, kenning/tilgáta)</b>	Sú afstaða sem tekin er (sjónarmið, kenning/tilgáta) er frjó og tekur mið af því hversu flókið viðfangsefnið er. Takmarkanir afstöðu (sjónarmið, kenning/tilgáta) eru viðurkenndar. Tekið er mið af sjónarmiðum annarra þegar afstaða er tekin (sjónarmið, ritgerð/tilgáta).	Sú afstaða sem tekin er (sjónarmið, kenning/tilgáta) tekur mið af því hversu flókið viðfangsefnið er. Sjónarmið annarra eru viðurkennd þegar tekin er afstaða (sjónarmið, kenning/tilgáta).	Sú afstaða sem tekin er (sjónarmið, kenning/tilgáta) viðurkennir mismunandi hliðar málsins.	Sú afstaða sem tekin er (sjónarmið, kenning/tilgáta) er kynnt, en er einföld og augljós.
<b>Niðurstöður og tengdar úrlausnir (afleiðingar og fylgiskar)</b> e. (implications and consequences)	Niðurstöður og tengdar úrlausnir (afleiðingar og fylgiskar) eru rökréttar og endurspegla upplýst mat nemandans og færni til að fjalla um gögn og sjónarmið í forgangsröð.	Niðurstöður eru í röklegu samhengi við margs konar upplýsingar, þ.m.t. andstæðar skoðanir; tengdar úrlausnir (afleiðingar og fylgiskar) eru tilgreindar með skýrum hætti.	Niðurstöður eru í röklegu samhengi við upplýsingar (vegna þess að upplýsingar eru valdar til að passa við viðkomandi niðurstöðu); sumar tengdar úrlausnir (afleiðingar og fylgiskar) eru tilgreindar með skýrum hætti.	Niðurstöður eru í ósamræmi við sumar þeirra upplýsinga sem fjallað er um; tengdar úrlausnir (afleiðingar og fylgiskar) eru of einfaldaðar.

# HÆFNIRAMMI FYRIR SIÐFERÐILEGA RÖKSEMDAFÆRSLU

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Siðferðileg röksemdafærsla (e. ethical reasoning) er ígrundun um það sem er rétt og rangt í mannlegri hegðun. Það gerir þá kröfu til nemenda að þeir geti lagt mat á eigin siðferðisgildi, sem og samfélagslegt samhengi vandamála, geti borið kennsl á siðferðileg álitamál í ýmsum kringumstæðum, velti fyrir sér hvernig beita megi mismunandi siðferðilegum sjónarmiðum til að fást við siðferðilegar klípur (e. dilemma) og íhugi mögulegar afleiðingar mismunandi valkosta. Siðferðileg sjálfsmynd nemenda þróast samhliða því sem þeir þjálfar hæfni sína í siðferðilegri ákvarðanatöku og læra að lýsa og greina ýmis siðferðileg álitamál.

## Skýring

Þessum hæfniramma er ætlað að hjálpa kennurum að meta einstök verkefni eða söfn verkefna sem eru til maks um hvað nemendur kunna í siðfræði. Þó markmið menntunar ætti ætíð að vera að hjálpa nemendum að nýta í verki þekkinguna sem þau hafa öðlast í gegnum nám sitt væri erfitt ef ekki ómögulegt að leggja mat á hvort nemendur myndu beita siðferðilegri röksemdafærslu þegar þeir standa frammi fyrir raunverulegum siðferðilegum álitamálum. Það sem hægt er að meta út frá þessum hæfniramma er það hvort nemendur hafi viðeigandi vitsmunaleg tól til að takast á við siðferðileg álitamál.

Hæfniramminn leggur áherslu á fimm þætti: Siðferðilega sjálfsvitund, að bera kennsl á siðferðilega þætti, að skilja mismunandi siðferðileg sjónarmið/hugtök, beiting siðferðisregla og mat á mismunandi siðferðilegum sjónarmiðum/hugtökum. Nemendur þróa siðferðilega sjálfsmynd sína með því að fást við siðferðilega ákvarðanatöku og læra að lýsa og greina ýmis siðferðileg álitamál. Að fenginni slíkri reynslu má þá gera ráð fyrir að nemendur séu líklegri til að taka siðferðilega ígrundaðar ákvarðanir þegar þeir standa frami fyrir siðferðilegum álitamálum.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Grunnigildi: Þær grundvallarreglur sem meðvitað og ómeðvitað hafa áhrif á siðferðilega hegðun og hugsun fólks. Grunnigildi hafa áhrif á viðbrögð fólks, jafnvel þó það geri sér ekki grein fyrir því. Grunnigildi geta endurspeglad umhverfi manns, trú, menningu eða menntun. Fólk getur ákveðið hvort það hagar sér í samræmi við grunnigildi sín eða ekki.
- Siðferðileg sjónarmið/hugtök: Hinar ýmsu fræðilegu nálganir sem hægt er að beita til að greina siðferðileg álitamál, svo sem siðfræðikenningar (t.d. nytjastefna, kenningar um réttlæti, dygdasiðfræði) og siðfræðihugtök (t.d. réttindi, réttlæti, skylda).
- Flókið, margþætt (óljóst) samhengi: Undirþættir eða aðstæður í viðkomandi sviðsmynd hafa í för með sér að nemandi þarf að gera sér grein fyrir og fást við tvö eða fleiri siðferðileg álitamál.
- Váxtengsl á milli álitamála: Augljós eða dulin tengsl milli/innan undirþátta eða aðstæðna sem tengjast álitamálum í viðkomandi sviðsmynd (t.d. hvernig framleiðsla korns tengist og hefur áhrif á loftlagsbreytingar).

# HÆFNIRAMMI FYRIR SIÐFERÐILEGA RÖKSEMDAFÆRSLU

## Skilgreining

Siðferðileg röksemdafærsla (e. ethical reasoning) er ígrundun um það sem er rétt og rangt í mannlegri hegðun. Það gerir þá kröfu til nemenda að þeir geti lagt mat á eigin siðferðisgildi, sem og samfélagslegt samhengi vandamála, geti borið kennsl á siðferðileg álitamál í ýmsum kringumstæðum, velti fyrir sér hvernig beita megi mismunandi siðferðilegum sjónarmiðum til að fást við siðferðilegar klípur (e. dilemma) og íhugi mögulegar afleiðingar mismunandi valkosta. Siðferðileg sjálfsmýnd nemenda þróast samhliða því sem þeir þjálfra hæfni sína í siðferðilegri ákvarðanatöku og læra að lýsa og greina ýmis siðferðileg álitamál.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Siðferðileg sjálfsvitund</b>	Nemandi ræðir og greinir af nákvæmni grunngildi og uppruna þeirra. Umræðan sýnir dýpt og skýrleika.	Nemandi ræðir grunngildi í smáatriðum og greinir þau, sem og uppruna þeirra.	Nemandi greinir frá grunngildum og uppruna þeirra.	Nemandi greinir annað hvort frá grunngildum eða uppruna þeirra en ekki hvoru tveggja.
<b>Skilningur á mismunandi siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum</b>	Nemandi nefnir þá kenningu eða kenningar sem hann styðst við, getur útskýrt þær í stórum dráttum og skýrir af nákvæmni frá þeim þáttum kenninganna sem eiga við umræðuefnið.	Nemandi nefnir aðalkenninguna eða kenningarnar sem hann styðst við, getur útskýrt þær í stórum dráttum og gerir tilraun til að útskýra nákvæmlega þá þætti kenninganna sem eiga við umræðuefnið, en þó með lítils háttar ónákvæmni.	Nemandi nefnir aðal kenninguna eða kenningarnar sem hann styðst við og getur útskýrt þær í stórum dráttum.	Nemandi nefnir einungis aðal kenninguna sem hann styðst við.
<b>Að bera kennsl á siðferðilegan ágreining</b>	Nemandi getur borið kennsl á siðferðileg álitamál (vandamál) þegar þau birtast í flóknu, margþættu (ójósu) samhengi OG getur gert grein fyrir gagnkvæmum tengslum þeirra.	Nemandi getur borið kennsl á siðferðileg álitamál (vandamál) þegar þau birtast í flóknu, margþættu (óljósu) samhengi EÐA gerir sér grein fyrir gagnkvæmum tengslum álitamála.	Nemandi getur borið kennsl á augljós siðferðileg álitamál (vandamál) og nær (en þó ekki að fullu) utan um flækjustig og vensl ýmissa þátta málsins.	Nemandi getur borið kennsl á augljós siðferðileg álitamál (vandamál) en nær ekki utan um flækjustig og vensl ýmissa þátta málsins.
<b>Beiting siðfræðilegra sjónarmiða/hugtaka</b>	Nemandi sýnir sjálfstæði og beittir viðeigandi siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum af nákvæmni til að takast á við siðferðileg álitamál og gerir sér grein fyrir þeim afleiðingum sem beiting þeirra hefur í för með sér.	Nemandi getur með viðeigandi hætti beitt siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum (við dæmi sem hann hefur ekki séð áður), án aðstoðar, en getur ekki gert grein fyrir afleiðingunum.	Nemandi getur beitt siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum (við dæmi sem hann hefur ekki séð áður), án aðstoðar, en ónákvæmni er í beitingunni.	Nemandi getur beitt siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum (þar sem stuðst er við dæmi, í kennslustofu, í hópi eða þar sem gefnir eru afmarkaðir valmöguleikar), með stuðningi, en ræður ekki við að beita siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum (við dæmi sem hann hefur ekki séð áður), án aðstoðar.
<b>Mat á mismunandi siðfræðilegum sjónarmiðum/hugtökum</b>	Nemandi tekur afstöðu, getur lýst andmælum, mismunandi túlkunum (e. assumptions) og afleiðingum sem beiting mismunandi siðfræðilegra nálgana getur haft í för með sér og getur varið stöðu sína gegn þeim rökum með viðeigandi og fullnægjandi hætti.	Nemandi tekur afstöðu, getur gert grein andmælum, mismunandi túlkunum (e. assumptions) og afleiðingum sem beiting mismunandi siðfræðilegra nálgana getur haft í för með sér og getur brugðist við þeim rökum en ekki á fullnægjandi hátt.	Nemandi tekur afstöðu, getur gert grein fyrir andmælum, mismunandi túlkunum (e. assumptions) og afleiðingum sem beiting mismunandi siðfræðilegra nálgana getur haft í för með sér en bregst ekki við þeim (tengir ekki ofangreind atriði þannig að þau hafa ekki áhrif á afstöðu hans).	Nemandi tekur afstöðu en getur ekki gert grein fyrir andmælum, mismunandi túlkunum og afleiðingum sem mismunandi siðfræðileg nálgun getur haft.



# HÆFNIRAMMI FYRIR HNATTRÆNT NÁM

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Hnattrænt nám er gagnrýnin greining, þar sem fengist er við flókin, gagnvirkandi hnattræn kerfi og arfleidd (sem getur verið náttúruleg, líkamleg, félagsleg, menningarleg, efnahagsleg eða pólitísk) og afleiðingar samspils margra þátta á líf fólks og sjálfbærni jarðarinnar. Með hnattrænu námi ættu nemendur að 1) verða upplýstar, víðsýnar og ábyrgar manneskjur sem meðvitaðar eru um fjölbreytileika á öllum sviðum 2) leitast við að skilja hvaða áhrif gjörðir þeirra hafa bæði á nærsamfélag og alþjóðasamfélagið og 3) vinna saman í anda jöfnuðar að því að takast á við brýn og viðvarandi vandamál heimsins.

## Skýring

Áhrifaríkt og umbreytandi hnattrænt nám býður nemendum merkingarbær tækifæri til að greina og rannsaka flóknar hnattrænar áskoranir, taka þátt í samstarfi með fjölbreyttum hópum sem einkennist af virðingu, læra að grípa til ábyrgra aðgerða í hnattrænu samtímasamhengi og meta markmið, aðferðir og afleiðingar þeirra aðgerða. Hnattrænt nám ætti að efla tilfinningu nemenda fyrir sjálfmynd, samfélagi, siðferði og því að taka afstöðu.

Hnattrænt nám gengur út frá þeirri meginreglu að heimurinn samanstandi af kerfum sem eru innbyrðis háð en hafa samt ójafna stöðu. Háskólar gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að auka þekkingu á mannlegum- og náttúrulegum kerfum, forréttindum og stéttaskiptingu, sjálfbærni og þróun. Þeim er ætlað að efla hæfni nemenda til að stuðla að jöfnuði og réttlæti í heimalandi sínu, sem og á alþjóðavettvangi. Hnattrænt nám er ekki eitthvað sem hægt er að ná fram á einu námskeiði eða í gegnum reynslu í eitt skipti heldur er það árangur af uppsafnaðri reynslu nemenda yfir allan námsferilinn. Þar sem þessi hæfniramma er til þess gerður að meta hnattrænt nám á námsleið sem heild getur verið að viðmiðin (stig 1-4) henti síður til að meta áhrif af einu námskeiði, verkefni eða reynslu. Það gæti farið eftir samhenginu hvort nemandi sýni framför innan eins stigs, fremur en að færast upp um stig.

**Við hvetjum þá sem nýta sér hæfnirammann fyrir hnattrænt nám til að styðjast jafnframt við þrjá aðra hæfniramma sem tengjast því beint, þ.e.**

**hæfniramma um samfélagslega þátttöku, þvermenningarlegt læsi – þekkingu og hæfni og siðferðilegan rökstuðning.**

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- **Hnattræn sjálfsvitund:** með því að upplifa samfellu í gegnum hnattrænt nám þroskar nemendandinn með sér sjálfsmynd sem byggist á kerfislegum skilningi á hvernig sjálfið mótast í víxlverkun nærumhverfisins, alþjóðasamfélagsins, og hins náttúrulega og áþreifanlega heims.
- **Að taka afstöðu:** geta til að setja sig inn í og draga lærdóm af skoðunum og reynslu sem eru frábrugðin eigin skoðunum og skilja hvernig staða fólks í heiminum hefur áhrif á og setur þekkingu skorður. Markmiðið er að þróa með sér hæfni til að skilja gagnkvæm tengsl milli mismunandi sjónarmiða, svo sem persónulegra, félagslegra, menningarlegra, fræðilegra, umhverfislegra, staðbundinna og alþjóðlegra sjónarmiða.
- **Menningarleg fjölbreytni:** geta til að bera kennsl á uppruna og áhrif eigin menningararfleiðar og takmarkanir hennar til að veita okkur aðgang að öllu sem við þurfum að vita um heiminn. Undir þetta fellur forvitni til að læra um og bera virðingu fyrir fjölbreyttri menningu annars fólks og byggja brýr milli menningarheima með það fyrir augum að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Á kerfislegum grundvelli er sú hæfni mikilvæg að geta gert samanburðargreiningu á hvernig menningarheimar eru merktir og þeim skipað á bás í valdskipulagi sem byggist á stigveldi, ójöfnuði og ólíkum tækifærum sem geta verið breytileg eftir stað og tíma. Hæfni í þessu hjálpar nemendum að skilja kynþætti, kyn, þjóðerni og þjóðerniseinkenni, trúarbrögð og stéttaskiptingu, en þetta er ekki tæmandi listi.

- **Persónuleg og félagsleg ábyrgð:** Getan til að gera sér grein fyrir eigin samfélagsábyrgð – í nærumhverfi, á landsvísu og í alþjóðasamhengi – og þróa með sér afstöðu til siðferðis og valdatengsla bæði á heimsvísu og innan tiltekinna samfélaga. Til þess þarf að þróa með sér hæfni í siðferðilegum rökstuðningi og aðgerðum.
- **Hnatræn kerfi:** Flókin hnatræn kerfi sem stöðugt skarast, þ.m.t. náttúruleg kerfi (sem tilheyra hinum náttúrulega heimi, s.s. líffræðileg, efnafræðileg og eðlisvísindaleg) og mannleg kerfi (hönnuð af mönnum, s.s. menningarleg, hagfræðileg, pólitísk) sem hægt er að greina mynstur í og stjórnast af eða eru afleiðing hönnunar eða afskipta mannfólks. Þessi kerfi hafa áhrif á hvernig lífinu er lifað og hvaða kostir standa hverjum til boða. Nemendur verða að skilja 1) hvernig þessi kerfi eru upp byggð og hvernig áhrif þau hafa 2) að það hvernig þau virka hefur mismunandi afleiðingar, 3) hvernig þau hafa áhrif á hinn mannlega og hinn náttúrulega heim og 4) hvernig má breyta þeim.
- **Beiting þekkingar:** Í samhengi hnatræns nám snýst þetta um beitingu samþætts og kerfisbundins skilnings á því hvernig áskoranir sem við stöndum frammi fyrir núna tengjast fyrri áskorunum sem samfélög, menningarheimar og hinn náttúrulegi heimur hefur tekist á við bæði nærumhverfið og alþjóðasamfélagið. Getu til að nýta þekkingu og hæfileika sem nemandi hefur aflað sér í gegnum háskólanám við úrlausn vandamála utan skóla, bæði einn síns liðs og í samstarfi við aðra.

# HÆFNIRAMMI FYRIR HNATTRÆNT NÁM

## Skilgreining

Hnattrænt nám er gagnrýnin greining, þar sem fengist er við flókin, gagnvirkandi hnattræn kerfi og arfleidd (sem getur verið náttúruleg, líkamleg, félagsleg, menningarleg, efnahagsleg eða pólitísk) og afleiðingar þessa samspils á líf fólks og sjálfbærni jarðarinnar. Með hnattrænu námi ættu nemendur að 1) verða upplýstar, víðsýnar og ábyrgar manneskjur sem meðvitaðar eru um fjölbreytileika á öllum sviðum 2) leitast við að skilja hvaða áhrif gjörðir þeirra hafa bæði á nærsamfélag og alþjóðasamfélagið og 3) Vinna saman í anda jöfnuðar að því að takast á við brýn og viðvarandi vandamál heimsins.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Hnattræn sjálfsvitund</b>	Nemandi nær árangri í að takast á við vandamál í náttúrulegum og mannlegum heimi/samfélagi með með því að tengja sjálfsmynd sína hnattrænu samhengi.	Nemandi leggur mat á áhrif tiltekinnar staðbundinna aðgerða bæði sinna eigin og annarra á náttúru og samfélag.	Nemandi greinir hvernig gjörðir mannfólks hafa áhrif á hinn náttúrulega og mannlega heim/samfélag.	Nemandi áttar sig að einhverju leyti á tengslum milli persónulegra ákvarðana einstaklinga og tiltekinnar staðbundinna og hnattrænna vandamála.
<b>Að taka afstöðu</b>	Nemandi beitir fjölbreyttum sjónarhornum við mat sitt á flóknum viðfangsefnum innan náttúrulegra og manngerðra kerfa, þar sem takast þarf á við margþættar skoðanir sem jafnvel eru átök um (s.s. menningarbundin, fræðileg, siðferðileg).	Nemandi samþættir ólík sjónarmið (s.s. menningarbundin, fræðileg, siðferðileg) þegar hann rannsakar viðfangsefni sem falla undir náttúruleg og manngerð kerfi.	Ber kennsl á og útskýrir margþætt sjónarmið (s.s. menningarbundin, fræðileg, siðferðileg) við rannsókn viðfangsefna sem falla undir náttúruleg og manngerð kerfi.	Nemandi ber kennsl á margþætt sjónarmið en heldur til streitu gildismati sem hans eigin afstaða byggist á (s.s. menningarbundin, fræðileg, siðferðileg)
<b>Menningarleg fjölbreytni</b>	Nemandi sýnir djúpan skilning á margbrotinni heimsm mynd, valdakerfum og fenginni reynslu sem hann beitir við að koma af stað merkingarþættum samskiptum við aðra menningarheima í þeim tilgangi að takast á við aðkallandi alþjóðleg vandamál.	Nemandi útskýrir grundvallar tengsl milli heimsmynnda og valdakerfa, vekur athygli á reynslu úr mörgum menningarheima sögulega eða samtímalega og kemur á samskiptum við aðra menningarheima sem byggjast á virðingu.	Nemandi skýrir og tengir tvo eða fleiri menningarheima, sögulega eða samtímalega og áttar sig að einhverju leyti á valdakerfum og skilur og virðir gildi samskipta við fjölbreytta menningarheima.	Nemandi lýsir upplifunum annara í sögulegu samhengi eða samtíma aðallega út frá einu - sjónarmiði einnar menningar, er að einhverju leyti opin fyrir að viðurkenna fjölbreytta menningarheima og heimsmyndir.
<b>Persónuleg og félagsleg ábyrgð</b>	Nemandi tekst á við siðferðilegar, félagslegar og umhverfislegar áskoranir í hnattrænum kerfum með upplýstum og ábyrgum aðgerðum og leggur mat á afleiðingar af inngripi einstaklinga og hópa, bæði á nærumhverfi og í víðara samhengi.	Nemandi greinir siðferðilegar, félagslegar og umhverfislegar afleiðingar hnattrænna kerfa og ber kennsl á fjölda mögulegra aðgerða í ljósi eigin persónulegu gilda og samfélagslegri ábyrgð.	Nemandi útskýrir siðferðilegar, félagslegar og umhverfislegar afleiðingar ákvarðana sem teknar eru af bæjar- og sveitarfélögum, sem og ríkjum, á hnattræn kerfi.	Nemandi ber kennsl á einfaldar siðferðilegar víddir sem tiltekna ákvarðanir bæjar- og sveitafélaga og ríkja hafa og alþjóðlegar afleiðingar þeirra.
<b>Skilningur á hnattrænum viðfangsefnum</b>	Nemandi byggir á djúpstæðri þekkingu á sögulegu og samtímalegu hlutverki manngerðra stofnana (e. human organizations) og áhrifum aðgerða þeirra á hnattræn kerfi þegar hann þróar og leggur til, viðeigandi aðgerðir til að leysa flókin vandamál í hinum manngerða og náttúrulega heimi	Nemandi greinir helstu þætti hnattrænna kerfa, þ.m.t. gagnkvæm tengsl þeirra sögulega og samtímalega og ólík áhrif manngerðra stofnana og aðgerða, í þeim tilgangi að leggja til grunnlausnir við flóknum vandamálum í hinum manngerða og náttúrulega heimi.	Nemandi skoðar söguleg og samtímaleg hlutverk, gagnkvæm tengsl og ólík áhrif manngerðra stofnana og aðgerða á hnattræn kerfi í hinum manngerða og náttúrulega heimi.	Nemandi ber kennsl á grunnhlutverk nokkurra hnattrænna og staðbundinna stofnana, hugmyndir og verkferla í hinum manngerða og náttúrulega heimi.
<b>Beiting þekkingar í hnattrænu samhengi samtímans</b>	Nemandi beitir þekkingu og hæfni í innleiðingu háþróaða, viðeigandi og framkvæmanlega lausna til að takast á við flókin hnattræn vandamál með þverfræðilegri nálgun, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra	Nemandi áætlar og metur flóknari lausnir við hnattrænum áskorunum sem eru viðeigandi í samhengi þeirra og beitir þverfræðileg nálgun (s.s. menningarleg, sagnfræðileg og vísindaleg).	Nemandi mótar og leggur til hagnýtar lausnir, sem þó eru með byrjandabrag, við hnattrænum áskorunum, sem styðjast við a.m.k. tvö fræðasvið (s.s. menningarlegar, sagnfræðilegar og vísindalegar).	Nemandi skilgreinir á einfaldan hátt lausnir við hnattrænum áskorunum, en þær hafa takmarkaðan fjölda sjónarhorna og lausna.





## HÆFNIRAMMI FYRIR UPPLÝSINGALÆSI

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

### Skilgreining

Hæfni til að vita hvenær þörf er á upplýsingum, að geta að greint, fundið og metið upplýsingar til að fást við tiltekið vandamál og síðan notað þær og deilt þeim á árangursríkan og ábyrgan hátt. Hæfni sem felst í að einstaklingur geti fundið, staðsett, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni (íðorðabanki í menntunarfræði).

### Skýring

Mælt er með að nýta þennan hæfniramma til að meta safn verkefna, fremur en stök verkefni ef meta á upplýsingalæsi nemanda að fullu. Slíkt safn ætti helst að innihalda fjölbreytt sýnishorn verkefna, t.d. rannsóknarritgerðir, skoðanagreinar, ræður, styrktarumsóknir, markaðs- eða viðskiptaáætlanir, PowerPoint kynningar, veggspjöld og bókmenntaritdóma, svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess er grundvallaratriði að verkefnalýsingin sem verkefni nemanda voru unnin út frá fylgi, svo hægt sé að skoða verkefni í samhengi. Þó lokaafurð nemanda verði að standast skoðun eitt og sér getur vitnisburður um heimildarvinnu, s.s. rannsóknardagbók, veitt frekari innsýn í upplýsingalæsi nemanda, og er í raun þörf heimild þegar kemur að ákveðnum þáttum þessa hæfniramma.

# HÆFNIRAMMI FYRIR UPPLÝSINGALÆSI

## Skilgreining

Hæfni sem felst í að einstaklingur geti fundið, staðsett, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni.

	Fullnægjandi 4	Áfangar 3	Lágmark 2	Lágmark 1
<b>Ákveða umfang upplýsinga sem þörf er á</b>	Nemandi afmarkar með skýrum hætti viðfangsefni rannsóknarspurningar eða ritgerðar. Gerir skýra grein fyrir lykilhugtökum. Velur heimildir sem tengjast með beinum hætti viðfangsefninu eða svarar rannsóknarspurningum.	Nemandi afmarkar viðfangsefni rannsóknarspurningar eða ritgerðar. Gerir grein fyrir lykilhugtökum. Þær heimildir sem byggt er á tengjast viðfangsefninu eða svara rannsóknarspurningum.	Nemandi afmarkar viðfangsefni rannsóknarspurningar eða ritgerðar ekki nægilega vel (ákveðna þætti vantar, eru of víðfeðmir eða of takmarkaðir). Getur nefnt lykilhugtök. Þær heimildir sem byggt er á tengjast að hluta til viðfangsefninu eða svara rannsóknarspurningum.	Nemandi á erfitt með að afmarka viðfangsefni rannsóknarspurningar eða ritgerðar. Á erfitt með að átta sig á lykilhugtökum. Þær heimildir sem byggt er á tengjast hvorki viðfangsefninu né svara rannsóknarspurningum.
<b>Að afla sér nauðsynlegra upplýsinga</b>	Nemandi aflar heimilda með skilvirkum vel hönnuðum leitaráðferðum í viðeigandi upplýsingaveitum	Nemandi notar fjölbreyttar leiðir við heimildaöflun í nokkrum viðeigandi upplýsingaveitum. Sýnir fram á getu við að fínþússa leit sína.	Nemandi notar einfaldar leiðir við heimildaöflun, byggir á upplýsingum úr takmörkuðum eða áþekktum upplýsingaveitum.	Nemandi leita heimilda handahófskennt, byggir á upplýsingum sem eru óviðeigandi eða óáreiðanlegar.
<b>Gagnrýnið mat á upplýsingum og heimildum þeirra</b>	Nemandi velur margvíslegar upplýsingaveitur til að finna viðeigandi heimildir út frá umfangi og fræðasviði rannsóknarspurningarinnar. Velur heimildir út frá mikilvægi þeirra fjölmörgu viðmiða sem þarf að taka til greina (t.d. vegna rannsóknarspurningar, útbreiðslu heimilda, áhrifavalds heimilda, tekur mið af markhópi, velur heimildir með ólíkum viðhorfum eða hlutlægar).	Nemandi velur fjölbreyttar upplýsingaveitur og heimildir út frá umfangi og fræðasviði rannsóknarspurningarinnar. Notar margvísleg viðmið við val á heimildum (t.d. tengsl við rannsóknarspurninguna, útbreiðslu og/eða áhrifavald heimilda).	Nemandi velur fjölbreyttar upplýsingaveitur og heimildir. Nýtir grunnviðmið við val sitt á heimildum (t.d. tengsl við rannsóknarspurninguna, útbreiðslu heimilda).	Nemandi velur fáar heimildir. Leitarskilyrði eru takmörkuð (t.d. tengsl við rannsóknarspurninguna).
<b>Áhrifarík notkun upplýsinga í sérstökum tilgangi</b>	Nemandi skipuleggur og samþættir upplýsingar úr heimildum til að beita í sérstökum tilgangi og miðlar þeim skýrt og af dýpt.	Nemandi skipuleggur og samþættir upplýsingar úr heimildum og miðlar þeim til í samræmi við ætlaðan tilgang.	Nemandi skipuleggur og miðlar upplýsingum úr heimildum en þær eru ekki samþættar og ná því ekki tilgangi sínum að fullu.	Nemandi miðlar upplýsingum úr heimildum en þær eru brotakenndar og/eða ekki notaðar rétt (hafðar rangt eftir, teknar úr samhengi eða umorðaðar með röngum hætti, o.s.frv.), þannig að tilganginum er ekki náð.
<b>Fá aðgang að og nota upplýsingar á ábyrgan hátt í samræmi við siðferðileg viðmið og lög</b>	Nemandi notar allt eftirfarandi í heimildavinnu sinni með réttum hætti: Tilvitnanir og tilvísanir í heimildir, umorðun, útdrætti eða beinar tilvitnanir, notar tilvitnanir sem eiga vel við samhengið, gerir greinarmun á almennri þekkingu og upplýsingum þar sem þarf að vísa til heimilda, og sýnir fram á fullan skilning á siðferðilegum og lagalegum hömlum notkunar á útgefnu efni, trúnaðargögnum og efnis í höfundarrétti.	Nemandi nýtir þrennt af eftirfarandi í heimildavinnu sinni með réttum hætti: Tilvitnanir og tilvísanir í heimildir, umorðun, útdrætti eða beinar tilvitnanir, notar tilvitnanir sem eiga vel við samhengið, gerir greinarmun á almennri þekkingu og upplýsingum þar sem þarf að vísa til heimilda, og sýnir fram á fullan skilning á siðferðilegum og lagalegum hömlum notkunar á útgefnu efni, trúnaðargögnum og efnis í höfundarrétti.	Nemandi nýtir tvennt eftirfarandi í heimildavinnu sinni með réttum hætti: Tilvitnanir og tilvísanir í heimildir, umorðun, útdrætti eða beinar tilvitnanir, notar tilvitnanir sem eiga vel við samhengið, gerir greinarmun á almennri þekkingu og upplýsingum þar sem þarf að vísa til heimilda, og sýnir fram á fullan skilning á siðferðilegum og lagalegum hömlum notkunar á útgefnu efni, trúnaðargögnum og efnis í höfundarrétti.	Nemandi nýtir eitt eftirfarandi í heimildavinnu sinni með réttum hætti: Tilvitnanir og tilvísanir í heimildir, umorðun, útdrætti eða beinar tilvitnanir, notar tilvitnanir sem eiga vel við samhengið, gerir greinarmun á almennri þekkingu og upplýsingum þar sem þarf að vísa til heimilda, og sýnir fram á fullan skilning á siðferðilegum og lagalegum hömlum notkunar á útgefnu efni, trúnaðargögnum og efnis í höfundarrétti.

# HÆFNIRAMMI FYRIR RANNSÓKN OG GREININGU

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Rannsókn (e. inquiry) er kerfisbundið ferli sem felst í að kanna viðfangsefni, málefni eða verkefni með söfnun og greiningu á gögnum og lýkur með upplýstri niðurstöðu eða afstöðu. Greining er ferli þar sem flókin viðfangsefni eða vandamál eru brotin upp í smærri þætti til að öðlast betri skilning á þeim.

## Skýring

Þessi hæfniramma er hannaður til notkunar þvert á fræðasvið. Þar sem að íðorðaforði og rannsóknarferli er breytilegt eftir fræðigreinum styðst þessi hæfniramma meðvitað við almennan orðaforða sem ætti að eiga við fjölbreyttar nálganir og verkefni en þó ná utan um grundvallaratriði faglegra rannsókna og greininga (þ.m.t. val á viðfangsefni, fyrirliggjandi þekkingu, hönnun, greiningu, o.s.frv.). Orðræða hæfnirammansans gerir ráð fyrir að rannsókn og greining nemenda sé í samræmi við þá verkferla sem notaðir eru innan viðkomandi sviðs. Sem dæmi má nefna að ef réttast væri að nota tölfræðiaðferð við greiningu innan fræðasviðs er ætlast til þess að nemandi noti viðeigandi aðferðafræði við greiningu. Ef nemandi styðst ekki við forsendur sem eiga við fræðasviðið ætti slíkt verkefni að hljóta „1“ eða „0“ sem er undir lágmarksviðmiðum hæfnirammans.

Til viðbótar: Þessum hæfniramma er ætlað að meta *afurð* greiningar og rannsókna, ekki *ferlið* sjálft. Það hversu flókin framkvæmd rannsókna og greiningar er, ákvarðast að hluta til af því hversu miklar upplýsingar eru veittar eða hversu mikla leiðsögn nemandi fær og hversu mikið sprettur frá nemandanum sjálfum. Því meira sem sprettur frá nemandanum þeim mun flóknara er rannsóknarferlið. Þess vegna hentar þessi hæfniramma best til að meta verkefni þar sem upplýsingar um þessi atriði liggja fyrir, þó hægt sé að nýta hann til að meta verkefni án upplýsinga um hvaða leiðbeiningar nemandi fékk. Að lokum eru háskólakennarar hvattir til að aðlaga inntak og orðaforða hæfnirammansans að því fræðasviði eða þverfaglegu fræðum sem honum er ætlað að meta að hverju sinni.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan sérstaka hæfniramma.*

- Niðurstaða: Samantekt á helstu niðurstöðum sem byggja á rannsókn/gögnum.
- Takmarkanir: Gagnrýni á ferlið eða gögn.
- Afleiðingar (e. implications): Hvernig niðurstaða rannsókna hefur áhrif á stærra samhengi eða raunheiminn.

## HÆFNIRAMMI FYRIR RANNSÓKN OG GREININGU

### Skilgreining

Rannsókn (e. inquiry) er kerfisbundið ferli sem felst í að kanna viðfangsefni, málefni eða verkefni með söfnun og greiningu á gögnum og lýkur með upplýstri niðurstöðu eða afstöðu. Greining er ferli þar sem flókin viðfangsefni eða vandamál eru brotin upp í smærri þætti til að öðlast betri skilning á þeim.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Val á viðfangsefni</b>	Nemandi velur skapandi, vel afmarkað og viðráðanlegt viðfangsefni sem fæst við áður lítt-rannsakaðar en hugsanlega þýðingarmiklar hliðar viðfangsefnisins	Nemandi velur vel afmarkað og viðráðanlegt viðfangsefni sem tekur með viðeigandi hætti á þeim hliðum viðfangsefnisins sem skipta máli.	Nemandi velur viðfangsefni sem er viðráðanlegt en afmarkar það of þröngt og skilur eftir atriði sem skipta máli.	Nemandi velur viðfangsefni sem er of almennt og víðfeðmt til að vera viðráðanlegt eða gerlegt.
<b>Fyrirliggjandi þekking, rannsóknir og/eða skoðanir</b>	Nemandi samþættir ítarlegar upplýsingar úr viðeigandi heimildum sem sýna fjölbreytt sjónarmið eða nálganir.	Nemandi segir frá ítarlegum upplýsingar úr viðeigandi heimildum sem sýna fjölbreytt sjónarmið eða nálganir.	Nemandi fjallar um upplýsingar úr viðeigandi heimildum en sem einskorðast við tiltekin sjónarmið eða nálganir.	Nemandi fjallar um upplýsingar úr heimildum sem eiga ekki við og einskorðast við ákveðin sjónarmið eða nálganir.
<b>Hönnunarrferli</b>	Allir þættir aðferðafræði eða fræðilegs ramma eru þróaðir af kunnáttu. Mögulega er viðeigandi aðferðafræði eða faglegur rammi annara fræðasviða samþættur aðferðafræði viðkomandi fræðasviðs þar sem við á.	Grunnstoðir aðferðafræði eða fræðilegs ramma eru settar fram með viðeigandi hætti, en litið fram hjá eða ekki gert ráð fyrir nákvæmnari þáttum þeirra.	Grunnstoðir aðferðafræði eða fræðilegs ramma vantar, eru rangt fram settar eða vantar skýran fókus.	Hönnun rannsóknar bendir til misskilnings á aðferðafræði eða fræðilegum ramma.
<b>Greining</b>	Nemandi skipuleggur og samþættir upplýsingar af innsýn og leiðir í ljós mynstur, álitamál eða líkindi í mismunandi áherslum.	Nemandi skipuleggur upplýsingar og leiðir í ljós mynstur, álitamál eða líkindi í mismunandi áherslum.	Nemandi skipuleggur upplýsingar en tekst ekki að leiða í ljós mynstur, álitamál eða líkindi í mismunandi áherslum.	Nemandi gerir grein fyrir upplýsingum en þær eru óskipulagðar eða vantar fókus.
<b>Niðurstöður</b>	Setur fram niðurstöðu sem er rökrétt ályktun byggð á útkomu rannsóknar.	Setur fram niðurstöðu byggða á útkomu rannsóknar. Niðurstöðurnar snúast beint um útkomu rannsókna án ályktana.	Setur niðurstöðu fram með almennum hætti og vegna þess hversu almenn hún er getur hún átt við um það sem rannsóknin snerist ekki um .	Framsetning niðurstöðu er óljós, órökrétt eða byggir ekki á útkomu rannsóknar.
<b>Takmarkanir og afleiðingar</b>	Ræðir af innsæi og nákvæmni viðeigandi takmarkanir og hugsanlegar afleiðingar og færir góð rök fyrir þeim.	Ræðir takmarkanir og hugsanlegar afleiðingar umræddrar rannsóknar og færir rök fyrir þeim.	Nefnir hugsanlegar takmarkanir og afleiðingar umræddrar rannsóknar og færir rök fyrir þeim.	Nefnir hugsanlegar takmarkanir og afleiðingar en þær eiga mögulega ekki við umrædda rannsókn eða eru órökstuddar.

# HÆFNIRAMMI FYRIR HEILDRÆNT NÁM/SAMBÆTT NÁM

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Heildrænt nám/sambætt nám er skilningur og gildi sem mótast hjá nemanda við skólagöngu bæði í námi og með þátttöku í félagsstarfi (e. co-curriculum) og felur í sér allt frá því að tengja milli hugmynda og reynslu yfir í að tengja saman/sambætta það sem nemandi hefur lært og yfiræra þekkinguna og beita henni við nýjar og krefjandi aðstæður, jafnt innan skóla sem utan.

## Skýring

Að efla getu nemenda til að sambætta/tengja saman nám – þvert á námskeið, yfir tíma og milli skóla og samfélags – er eitt mest krefjandi og mikilvægasta hlutverk háskóla. Í upphafi tengja nemendur fyrri þekkingu sína við nýtt námskeið. Seinna verður sérþekking þeirra á tilteknu fræðasviði grunnurinn á meðan sambætt/heildrænt nám fer út fyrir fræðileg mörk. Í raun á sambætt/heildrænt reynsla sér oft stað þegar nemendur kljást við raunveruleg vandamál sem eru óvænt og nógu víðfeðm til að reyna á mörg þekkingarsvið og margs konar rannsóknaraðferðir sem kalla á margbreytilegar lausnir og njóta góðs af mörgum sjónarhornum. Sambætt/heildrænt nám hefur áhrif á sjálfsöryggi nemanda til að læra alla ævi (ævinám, e. life-long learning) sem felur í sér getu til að aðlaga kunnáttu sína við að leggja af mörkum í margvíslegum aðstæðum og skilja og þróa persónulegan tilgang, gildi og siðferði. Þjálfun í getu nemenda í sambættu/heildrænu námi er miðlæg varðandi persónulega velgengni, samfélagslega ábyrgð og borgaralega/samfélagslega þátttöku í hnattænu nútímasamfélagi. Nemendur standa frammi fyrir heimi sem breytist hratt og er stöðugt tengdari þar sem sambætt/heildrænt nám er ekki bara ákjósanlegt heldur nauðsynlegt.

Vegna þess að sambætt/heildrænt nám gengur út á að skapa tengsl getur verið að hæfni nemanda komi ekki í ljós í hefðbundnum akademískum verkefnum, t.d. rannsóknarritgerð, nema að nemandinn sé sérstaklega beðinn um að t.d. vekja athygli á afleiðingum í framkvæmd. Hins vegar kemur hæfni í sambættu námi oft í ljós í annars konar verkefnum sem byggja á ígrundun, sjálfsmati eða skapandi verkefnum af ýmsu tagi. Sambætt verkefni ýta undir lærdóm þvert á námskeið eða tengja skólalærdóm við reynslu í starfi. Dæmi um eða safn verkefna sem sýna slík tengsl eru til marks um hæfni í sambættu námi. Kennarar eru hvattir til að leita að vitnisburði um að nemendur myndi tengsl milli þekkingar sem þeir afla sér í raunverulegum aðstæðum og hefðbundins náms, félagsstarfa eða vinnu. Í gegnum sambætt/heildrænt nám sambætta nemendur allan reynsluheim sinn, innan og utan kennslustofunnar, því hrynja tilbúnir múrar sem reistir hafa verið milli formlegs náms og óformlegs og dulin þekking verður sýnileg. Sambætt/heildrænt nám, óháð samhengi eða uppruna, byggir á að tengja kenningu og framkvæmd/praxis í þeim tilgangi að dýpka skilning.

Verkefni sem stuðla að slíkum tengslum og skilningi eru margvísleg og ná til allra sviða t.d. ritgerðir á sviði líffræði, hagfræði eða sagnfræði; stærðfræðiverkefni sem ganga út á að beita verkfærum stærðfræðinnar við lausn flókinnar viðfangsefna en krefjast jafnframt skriflegar greiningar á takmörkunum og afleiðingum stærðfræðilegrar nálgunar; eða kynning í listasögu sem sýnir fram á fagurfræðileg tengsl ákveðinna málverka og skáldsagna. Að þessu leyti fellur sumt nám (t.d. þverfræðilegt nám og verkefnaþættir vettvangsnámsrannsóknir) í eðli sínu að sambættu námi þar sem niðurstaðan getur verið sýnishorn af eða safn verkefna sem sýna greinilega fram á sambætt/heildrænt nám. Fræðigreinar sem byggja á samansafni yfirgripsmikillar og þekkingar sem samstaða er um (s.s. endurskoðun, verkfræði eða efnafræði) fela þó líka í sér samskonar flóknar og sambættar hugmyndir (t.d. siðferðileg álitamál og samfélagsvitund), sem oft er lögð sérstök áhersla á í listgreinum og hugvísindum, þar sem mikil áhersla er lögð á ígrundun, en þau koma et.v. frekar í ljós í einstaklingsbundnum verkefnum og mögulega ber ekki eins mikið á þeim. Lykilatriði þegar kemur að þróun slíkra verkefna felst í að móta verkefnalýsingar sem gera kröfu um sýnilegan afrakstur, ígrundandi sjálfsmat og veita endurgjöf sem styður nemenda við að leggja mat á eigin lærdóm og þannig geta orðið vitnisburður um að nemandi muni, eftir útskrift, beita hæfni sinni í sambættingu til að takast á við persónulegar, faglegar og samfélagslegar áskoranir.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Akademísk þekking: Lærdómur á ákveðnu sviði sem fengist hefur í akademísku námi, með lestri o.s.frv.
- Inntak: Það efni sem koma þarf á framfæri í stökum verkefnum eða verkefnasafni.
- Samhengi: Raunverulegar eða tilbúnar aðstæður þar sem reynir á að nemandi sýni fram á námsárangur sinn (e. learning outcomes). Nýtt og krefjandi samhengi hvetur nemandi til að teygja sig út fyrir fyrri viðmið.
- Félagsstörf (e. co-curriculum): Liður í akademísku námi sem fer fram samhliða og til viðbótar við formlegat nám í kennslustofu (t.d. Stúdentaráð, samfélagsþjónusta, nemendafélög, o.s.frv.)

- Reynsla: Nám sem á sér stað utan hefðbundinnar kennslustofu, s.s. á vinnustað, í þjónustunámi, starfsnámi, o.s.frv.
- Snið/Form (e. form): Form eða rammi notað til að koma á framfæri upplýsingum og rökstuðningi, allt frá vali tiltekinna sýnishorna eða dæma eða verkefnasafna (t.d. rannsóknarritgerð, glærusýningu, upptöku, o.s.frv) til ákvarðana um hvaða verkefni eru sýnd t.d. í rafrænni sýnismöppu (e. e-portfolio).
- Frammistaða: Athöfn sem sameinar þekkingu og framkvæmd (mála málverk, leysa hönnunargalla, þróa áætlun í almannatengslum o.s.frv.); frammistaða gerir lærdóm sýnilegan.
- Ígrundun: Aðferð sem felst í því að einstaklingar eða hópar velta fyrir sér á gagnrýninn hátt ýmsum þáttum í námi eða starfi út frá eigin reynslu í þeim tilgangi að skilja þróa og bæta eigin aðferðir við nám eða starfshætti. (byggt á íðorðabanka í menntunarfræði).
- Sjálfsmat: Lýsing, túlkun og mat á eigin frammistöðu með tilliti til þeirra krafna sem gerðar voru í verkefninu eða nemandi hefur sett sér, fylgt eftir með áætlunum um hvernig nemandi hyggst bæta frammistöðu sína (íðorðabanki í menntunarfræðum).

# HÆFNIRAMMI FYRIR HEILDRÆNT NÁM

Heildrænt nám er skilningur og gildi sem mótast hjá nemanda við skólagöngu bæði í námi og með þátttöku í félagsstarfi (e. co-curriculum) og felur í sér allt frá því að tengja milli hugmynda og reynslu yfir í að tengja saman/sambætta það sem nemandi hefur lært og yfiræra þekkinguna og beita henni við nýjar og krefjandi aðstæður, jafnt innan skóla sem utan.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Tenging við reynslu</b> <i>Tengir akademíska þekkingu og viðeigandi reynslu</i>	Nemandi tengir á merkingarþæran hátt ýmiss konar reynslu utan formlegs skólanáms (undir þetta fellur lífsreynsla og akademísk reynsla eins og dvalir erlendis og starfsnám) til að dýpka eigin skilning á fræðasviðum og víkka sjónarmið sín.	Nemandi velur og þróar áhrifarík dæmi um lífsreynslu í mismunandi samhengi (t.d. fjölskyldulífi, samfélagsþátttöku, listsköpun, starfsreynslu) og notar þau til að varpa ljósi á hugtök/kenningar/fræðasvið	Nemandi ber saman lífsreynslu og akademíska þekkingu til að álykta um mun og líkindi, og áttar sig á öðrum sjónarmiðum en sínum.	Nemandi áttar sig á tengslum milli lífsreynslu sinnar og þátta í námsefni og hugmyndum sem honum finnst sambærileg og tengjast áhugasviði hans.
<b>Tenging við fræðasvið</b> <i>Kemur auga á eða myndar þverfræðilegar tengingar</i>	Nemandi skapar að eigin frumkvæði heild úr mörgum þáttum (sambættir/tengir) eða dregur ályktanir með því að tengja dæmi, staðreyndir eða kenningar af meira en einu fræðasviði eða sjónarhorni.	Nemandi tengir saman að eigin frumkvæði dæmi, staðreyndir eða kenningar af meira en einu fræðasviði eða sjónarhorni.	Nemandi tengir saman dæmi, staðreyndir eða kenningar af meira en einu fræðasviði eða sjónarhorni þegar hann er beðinn um það	Nemandi segir frá dæmum, staðreyndum eða kenningum af meira en einu fræðasviði eða sjónarhorni þegar hann er beðinn um það
<b>Yfirfærsla</b> <i>Aðlagar og beitir færni, getu, kenningum eða aðferðafræði sem hann hefur lært að nýjum aðstæðum</i>	Að eigin frumkvæði aðlagar nemandi þá færni, getu, kenningar eða aðferðafræði sem hann hefur lært í tilteknum aðstæðum þannig að þau henti til að leysa erfið vandamál eða kanna flókin viðfangsefni með frumlegum hætti í nýjum aðstæðum	Að eigin frumkvæði aðlagar nemandi þá færni, getu, kenningar eða aðferðafræði sem hann hefur lært í tilteknum aðstæðum þannig að þau henti til að leysa vandamál eða kanna viðfangsefni í nýjum aðstæðum	Nemandi beitir þeirri færni, getu, kenningum eða aðferðafræði sem hann hefur lært í tilteknum aðstæðum til að stuðla að skilningi á vandamálum og viðfangsefnum í nýjum aðstæðum.	Nemandi beitir á einfaldan hátt færni, getu, kenningum eða aðferðafræði sem hann hefur lært í tilteknum aðstæðum við nýjar aðstæður.
<b>Sambætt/heildræn samskipti</b> <i>Sambætta: fella saman í eina heild</i>	Leysir verkefnið með því að velja málsnið, orðalag eða myndræna framsetningu af einhverju tagi sem styrkir merkinguna þar sem gagnkvæm tengsl málsniðs, merkingar, hugsana og tjáningar koma skýrt fram.	Leysir verkefnið með því að velja málsnið, orðalag eða myndræna framsetningu af einhverju tagi sem sem sýnir skilning á tengslum inntaks og forms og að nemandi er meðvitaður um markmið og markhóp.	Leysir verkefnið með því að velja málsnið, orðalag eða myndræna framsetningu af einhverju tagi sem sem tengir á einfaldan hátt milli þess sem koma þarf á framfæri (inntak) og hvernig það er sagt (málsnið).	Notar viðeigandi málsnið við úrlausn verkefnis (t.d. að gera ritgerð, veggspjald, myndband, glærusýningu).
<b>Ígrundun og sjálfsmat</b> <i>Sýnir fram á þróun sjálfsvitundar sem nemandi, byggir á fyrri reynslu til að bregðast við nýju og krefjandi samhengi (má sjá í sjálfsmati, ígrundun eða skapandi verkefnum)</i>	Sér fyrir sér framtíðarsjálfr sem hefur mótast í margvíslegu og fjölþættu samhengi (og gerir mögulega framtíðaráætlanir byggðar á fyrri reynslu).	Leggur mat á þróun sína í námi gegnum tíðina og áttar sig á áhrifum flókinna þátta sem eru háðir samhengi (t.d. verk sem sem eru óráð eða fela í sér áhættu, tekst á við óánægju (e. frustration), tekur tillit til síðferðilegra þátta).	Lýsir styrkleikum sínum og áskorunum, sem nemandi hefur reynslu af í tilteknum aðstæðum, við að bæta árangur sinn í öðrum aðstæðum (með aukinni sjálfsvitund).	Lýsir eigin frammistöðu með almennri lýsingu á velgengni eða mistökum.





## HÆFNIRAMMI FYRIR ÞVERMENNINGARLEGT LÆSI – ÞEKKINGU OG HÆFNI

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

### Skilgreining

Þvermenningarlegt læsi er skilningur, viðhorf, hæfni og samsemd sem gerir einstaklingi mögulegt að taka virkan þátt í lífi og starfi í fjölmennningarlegum aðstæðum (Íðorðabanki í menntunarfræði). Til samanburðar er menningarlæsi (e. cultural literacy, cultural competence): skilningur, viðhorf, hæfni og samsemd sem gerir einstaklingi mögulegt að taka virkan þátt í lífi og starfi í viðkomandi menningu (Íðorðabanki í menntunarfræði).

### Skýring

Krafan um að fella þvermenningarlæsi/þekkingu og hæfni (e. intercultural knowledge and competence) inn í kjarna menntunar sprettur út frá kröfum um að við lítum á okkur sem meðlimi alþjóðasamfélags, vitandi að framtíðin er sameign okkar allra. Háskólasamfélagið þarf ekki bara að vera opið þeim sem hafa annars konar menningarbakgrunn en meirihlutinn, heldur þarf háskólasamfélagið að sýna getu til að bjóða öðrum hópum að: Taka þátt í því á merkingarbæran hátt, sett samfélagslegt réttlæti í sögulegt- og pólitískt samhengi og gert menningu að kjarna umbreytandi náms (e. transformative learning). Hæfniramminn fyrir þvermenningarlæsi leggur til kerfisbundna nálgun við að meta getu okkar við að bera kennsl á eigin menningarmynstur (e. cultural pattern), bera þau saman við mynstur annara menninga og aðlaga framandi hugsunarhátt með samkennd og sveigjanleika að leiðarljósi.

Stig þessa kvarða eru að hluta til byggð á fyrirmynd M. Bennetts um þvermenningarlegan skilning (Bennett, M.J. 1993. *Towards ethno relativism: A developmental model of intercultural sensitivity. Úr Education for the intercultural experience*, ed. R. M. Paige, 22-71. Yarmouth, ME: Intercultural Press). Auk þess taka viðmið þessa kvarða mið af fjölmennningarlegu líkani D.K. Deardorff, sem var fyrsta líkanið um þvermenningarlæsi sem samstaða var um sem byggð var á niðurstöðum rannsókna (Deardorff, D.K. 2006. *The identification and assessment of intercultural competence as a student outcome of internationalization. Journal of Studies in International Education* 10(3): 241-266). Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þekking og skilningur á menningu er flóknari en það sem kemur fram í þessum hæfniramma. Kvarðinn tekur til sex lykilþátta þvermenningarlæsis en þættirnir eru mun fleiri, eins og sjá má af líkani Deardorff og öðrum rannsóknum.

### Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Menning: Sú heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags (Íðorðabanki í þýðingarfræði)
- Menningarbundnar siðareglur og hneigð til að hallast að tilteknum skoðunum: Samfélag eða hópar aðgreina sig með siðareglum og hneigðum til að hallast að tilteknum skoðunum. Einstaklingar hafa tilfinningu fyrir að þeir tilheyri samfélögum og hópum sem þeir deila gildum með.
- Samkennd (e empathy): Hæfileiki til að skilja reynsu annarra, tilfinningalega og vitsmunalega og geta sett sig í spor þeirra (ekki með því að taka að sér hlutverk eða skyldur þeirra).
- Þvermenningarleg reynsla (e. Intercultural experience): Reynsla af samskiptum við einstaklinga eða hópa fólks með annars konar menningarbakgrunn en manns eigin.
- Menningarmunur: Munur á reglum, hegðun, samskiptaháttum og hneigð til að hallast að tilteknum skoðunum (e. biases) á milli menningarheima .
- Forðast fordóma í samskiptum sínum við hópa með annars konar menningarbakgrunn: Halda aftur sér við að dæma eða meta (jákvætt eða neikvætt) í samskiptum við fólk með annars konar menningarbakgrunn. Forðast að dæma sjálfkrafa og taka tíma í að ígrunda fleiri mögulegar hliðar máls.
- Heimssýn: Lífsviðhorf sem byggir á reynslu fólks og hefur áhrif á hvernig það túlkar heiminn í kringum sig.

# HÆFNIRAMMI FYRIR ÞVERMENNINGARLEGT LÆSI – ÞEKkingU OG HÆFNI

## Skilgreining

Þvermenningarlegt læsi er skilningur, viðhorf, hæfni og samsemd sem gerir einstaklingi mögulegt að taka virkan þátt í lífi og starfi í fjölmennningarlegum aðstæðum.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Þekking</b> <i>Menningarbundin sjálfsvitund</i>	Lýsir innsýn í eigin menningarbundnar siðareglur/viðmið og hneigðir (t.d. leitar að margbreytileika, er meðvitaður um hvernig eigin reynsla og annarra hefur mótað reglurnar/viðmiðin og hvernig bera meg kennsl á og bregðast við menningarbundnum hneigðum eða skoðunum, og þetta hefur í för með sér breytingu á sjálfslýsingu).	Viðurkennir ný sjónarmið hvað varðar menningarbundnar siðareglur og hneigðir (e. biases) í eigin menningu (t.d. sækist nemandi ekki eftir einsleitni, á auðvelt með að takast á flókin mál sem ný sjónarmið hafa í för með sér).	Áttar sig á menningarbundnum siðareglum og hneigðum (e. biases) í eigin menningu (t.d. setur siðareglur og hneigðir/skoðanir (e. biases) eigin menningarhóps í forgang og býst við að aðrir geri það).	Sýnir takmarkaðan skilning á menningarbundnum siðareglum og hneigðum (e. biases) í eigin menningu (á líka við um þá hópa sem viðkomandi tilheyrir). Á erfitt með að sjá mögulegan menningarmun hjá öðrum.
<i>Þekking á grunnþáttum menningarbundins skilnings</i>	Sýnir góðan skilning á hversu flóknir þeir þættir sem eru mikilvægir fyrir þá sem tilheyra annarri menningu og að þeir tengjast sögu, gildium, pólitík, samskiptaháttum, hagkerfi, eða trú og venjum.	Sýnir fullnægjandi skilning á hversu flóknir þeir þættir sem eru mikilvægir fyrir þá sem tilheyra annarri menningu og að þeir tengjast sögu, gildium, pólitík, samskiptaháttum, hagkerfi, eða trú og venjum	Sýnir fram á að hann skilji að hluta til hversu flóknir þeir þættir sem eru mikilvægir fyrir þá sem tilheyra annarri menningu og að þeir tengjast sögu, gildium, pólitík, samskiptaháttum, hagkerfi, eða trú og venjum	Hefur yfirborðslegan skilning á hversu flóknir þeir þættir sem eru mikilvægir fyrir þá sem tilheyra annarri menningu og að þeir tengjast sögu, gildium, pólitík, samskiptaháttum, hagkerfi, eða trú og venjum
<b>Færni</b> <i>Samkenn</i>	Byggir á eigin þvermenningarlægri reynslu, tekur til greina meira en eina heimssýn og sýnir færni til að vinna með öðrum menningarhópum með skilningi, á stuðningsríkan hátt.	Viðurkennir vitsmuna- og tilfinningalegar víddir í ólíkri heimssýn menningarhópa og byggir stundum á meira en einni heimssýn í samskiptum.	Ber kennsl á ákveðna þætti í annars konar menningarviðmiðum en bregst alltaf við þeim með eigin heimssýn.	Kemur auga á reynslu annarra en túlkar hana út frá eigin heimssýn.
<b>Færni</b> <i>Yrt samskipti og óyrt samskipti/ Samskipti með og án orða</i>	Lýsir margþættum skilningi sínum á menningarmun í yrtum sem óyrtum samskiptum (t.d. sýnir fram á skilning á að hvaða marki líkamleg snerting er notuð samskiptum í mismunandi menningarheimum eða á notkun beinnar og óbeinnar eða augljósrar og dulinnar merkingar) og getur beitt þessari færni til að semja af lagni um samkomulag sem tekur mið af þessum mismun.	Skilur og tekur þátt í mismunandi menningarheimum, með orðum og án orða og er farinn að vinna að samkomulagi sem tekur mið af menningarmun.	Ber kennsl á ákveðin menningarmun sem kemur fram í munnlegum samskiptum og samskiptum án orða og er meðvitaður um að þetta getur valdið misskilningi en er ófær um að stuðla að sameiginlegum skilningi þvert á menningarheima.	Hefur lágarks skilning á menningarmun í munnlegum eða óyrtum samskiptum og er ófær um að stuðla að sameiginlegum skilningi þvert á menningarheima.
<b>Viðhorf</b> <i>Forvitni</i>	Spyr margslunginna spurninga um aðra menningarheima, leitar svara og setur þau fram þannig að þau endurspeglu fjölbætt menningarbundin viðhorf.	Spyr djúpra spurninga um aðra menningarheima og leitar svara við þeim.	Spyr einfaldra eða yfirborðslegra spurninga um aðra menningarheima.	Sýnir lítinn áhuga á að fræðast um aðra menningarheima.
<b>Viðhorf</b> <i>Víðsýni</i>	Hefur frumkvæði að og þróa samskipti við fólk með annars konar menningarbakgrunn. Forðast fordóma í samskiptum sínum við fólk með annan menningarbakgrunn	Er byrjaður að eiga frumkvæði að samskiptum við fólk með annars konar menningarbakgrunn og að þróa þau samskipti. Reynir að forðast fordóma í samskiptum sínum við aðra menningarhópa.	Nemandi er víðsýnn í samskiptum sínum við flesta, ef ekki alla með annan menningarbakgrunn. Á erfitt með að halda aftur af ákveðnum fordómum í samskiptum við fólk með annan menningarbakgrunn en áttar sig á eigin fordómum og leitast við að bæta sig.	Móttækilegur fyrir því að eiga samskipti við fólk með annars konar menningarbakgrunn. Á erfitt með að halda aftur af fordómum sínum og er ómeðvitaður um eigin fordóma í samskiptum sínum við aðra menningarhópa.



## HÆFNIRAMMI FYRIR GRUNNSTOÐIR SÍMENNTUNAR

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

### Skilgreining

Símenntun er viðvarandi meðvitað nám sem stundað er alla ævi í þeim tilgangi að auka þekkingu, færni og hæfni. Háskólar leitast við að undirbúa nemendur undir að stunda nám alla ævi með því að ýta undir tiltekna hæfni og viðhorf í háskólanáminu.

### Skýring

Þessi rammi er hannaður til að meta þá hæfni og þau viðhorf sem tengjast símenntun, en kvarðinn metur forvitni, yfirfærslu (þekkingar og hæfni), sjálfstæði, frumkvæði og ígrundun. Verkefni sem hvetja nemendur til að ígrunda hvernig færni þeirra í símenntun er innbyggð í verkefni þeirra – þ.e. ofangreind hæfni og viðhorf eru sýnileg í verkefnum – má leggja til grundvallar við mat samkvæmt þessum viðmiðum. Sýnishorn úr verkefnum eða safn verkefna eru vitnisburður um þekkingu og getu nemenda meðan ígrundun veitir innsýn í hvað nemendur hugsa, skynja og skilja. Ígrundun gefur þeim sem metur mun betri skilning á persónu nemandans þar sem með ígrundun segja þeir hvað þeim finnst um námið og hvaða skilning þeir hafa lagt í það. Ígrundun opnar möguleika lesanda á greiningu og túlkun verkefnanna. Ígrundun býður nemendum líka upp á að skoða aðra möguleika, velta fyrir sér framtíðaráætlunum og geta verið vitnisburður um vöxt og þroska nemenda. Verkefni sem hvetja nemendur til að tengja við reynslu sína utan skólastofunnar falla mögulega best að þessum hæfniramma.

# HÆFNIRAMMI FYRIR GRUNNSTOÐIR SÍMENNTUNAR

## Skilgreining

Símenntun er viðvarandi meðvitað nám sem stundað er alla ævi í þeim tilgangi að auka þekkingu, færni og hæfni. Háskólar leitast við að undirbúa nemendur undir að stunda nám alla ævi með því að ýta undir tiltekna hæfni og viðhorf í háskólanáminu.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Forvitni</b>	Viðfangsefnið er ítarlega rannsakað og afraksturinn er djúpstæður skilningur og/eða dregnar fram áður lítt þekktar upplýsingar sem eru til marks um mikinn áhuga á viðfangsefninu.	Viðfangsefnið er ítarlega rannsakað og skilar sér í innsýn og/eða upplýsingum sem eru til marks um áhuga á viðfangsefninu.	Rannsókn viðfangsefnis ber einhver merki um dýpt sem er til marks um einhverja innsýn og/eða upplýsingar sem gefa til kynna smávegis áhuga á viðfangsefninu.	Yfirborðsleg rannsókn á viðfangsefninu, lítil innsýn eða upplýsingar umfram þekktar staðreyndir benda til lítils áhuga á viðfangsefninu.
<b>Frumkvæði</b>	Lýkur verkefnum sem lögð eru fyrir, skapar og sækist eftir tækifærum til að auka þekkingu sína, hæfni og getu.	Lýkur verkefnum sem lögð eru fyrir, ber kennsl á og sækist eftir tækifærum til að auka þekkingu sína, hæfni og getu.	Lýkur verkefnum sem lögð eru fyrir og ber kennsl á tækifæri til að auka þekkingu sína, hæfni og getu.	Lýkur verkefnum sem lögð eru fyrir.
<b>Sjálfstæði</b>	Áhugi á náminu er greinilegur og kemur í ljós og nýtur sín í verkefnaskilum umfram þær kröfur sem skólinn gerir. Sækist eftir þekkingu og reynslu að eigin frumkvæði.	Aflar sér verulegrar þekkingar umfram þær kröfur sem skólinn gerir og/eða er virkur í að sækjast eftir sjálfstæðum námstækifærum.	Aflar þekkingar umfram við þær kröfur sem skólinn gerir og/eða sýnir áhuga á sjálfstæðum námstækifærum.	Nemandi er farinn að sýna áhuga á að afla sér þekkingar á eigin spýtur, umfram það sem skólinn gerir kröfu um.
<b>Yfirfærsla</b>	Vísar greininlega til fyrra náms og notar þá þekkingu og hæfni með nýstárlegum hætti (á nýjan og skapandi hátt) til skilnings og til að bæta frammistöðu sína í nýjum aðstæðum.	Vísar til fyrra náms og sýnir dæmi um hvernig sú þekking og hæfni nýtist til skilnings og til að bæta frammistöðu í nýjum aðstæðum.	Vísar til fyrra náms og gerir tilraun til að nýta þá þekkingu og hæfni til skilnings og til að bæta frammistöðu í nýjum aðstæðum.	Vísar óljóst til fyrra náms en nýtir þá þekkingu og hæfni ekki til skilnings eða til að bæta frammistöðu í nýjum aðstæðum.
<b>Ígrundun</b>	Fer ítarlega yfir fyrra nám (fyrrri reynslu innan og utan veggja skólastofunnar) sem endurspeglar verulega breytt viðhorf hvað snertir menntun og og lífsreynslu sem er grundvöllur fyrir aukna þekkingu og þroska í framtíðinni.	Fer ítarlega yfir fyrra nám (fyrrri reynslu innan og utan veggja skólastofunnar) sem endurspeglar skýran skilning eða aukna víðsýni er varðar menntun og atburði í lífinu.	Fer ágætlega yfir fyrra nám (fyrrri reynslu innan og utan veggja skólastofunnar) sem endurspeglar örlítið skýrari skilning eða aukna víðsýni er varðar menntu og atburði í lífinu.	Nemandi fer yfirborðslega yfir fyrra nám (fyrrri reynslu innan og utan veggja skólastofunnar) sem endurspeglar ekki skýrari skilning eða aukna víðsýni er varðar menntun eða atburði í lífinu.

# HÆFNIRAMMI FYRIR MUNNLEG SAMSKIPTI

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

*Þau munnlegu samskipti sem líklegast er að komi fram í sýnishornum eða verkefnasafni nemanda eru munnlegar kynningar, því miðast þessi hæfniramma við slík verkefni.*

## Skilgreining

Munnleg samskipti eru undirbúin merkingarbær frásögn sem ætlað er að auka þekkingu og skilning eða stuðla að breytingu á viðhorfi, gildum eða hegðun áheyrenda.

## Skýring

Birtingarmynd munnlegra samskipta getur verið breytileg. Þessi hæfniramma er hannaður út frá mati á munnlegum kynningum nemenda og hentar best að meta kynningu á staðnum eða myndbandsupptöku af kynningu. Varðandi pallborðs- eða hópkyningar er mælt með að meta framlag hvers einstaklings fyrir sig. Kvarðinn hentar best til að meta kynningar sem eru nægilega langar og til að koma meginatriðum á framfæri og nemendur nota fleiri en eina gerð stuðningsefnis til að styðja málflutning sem er markvisst uppbyggður. Munnlegt svar við stakri spurningu, sem ekki er til þess fallin að svara megi með kynningu/frásögn, hentar síður að meta með þessum kvarða.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Megininntak: Aðal áhersluefni/efnisýrirlýsing/aðalatriði kynningar. Auðvelt er að bera kennsl á skýrt megininntak, sannfærandi megininntak er skýrt og eftirminnilegt.
- Tjáning (e. delivery technic): Líkamsstaða og líkamstjáning (látbragð), augnsamband og raddbeiting. Tjáning við framsetningu gerir kynningu áhrifameiri, t.d. þegar mælandi stendur og hreyfir sig af öryggi, lítur oftast á áheyrendur en á stuðningsefni eða minnispunkta sína, talar með blæbrigðum og styðst ekki um of við hikorð (um, uh, þú veist o.s.frv.)
- Málfar: Orðaforði, íðorðaforði og setningaskipan. Málfar sem eykur áhrifamátt kynningar er viðeigandi fyrir umræðuefnið og áheyrendahópinn, er málfræðilega rétt, skýrt og óhlutdrægt. Málfar sem eykur áhrifamátt kynningar er líflegt, skapandi og tjáningarríkt (svipmikið).
- Skipulag: Flokkun og uppröðun hugmynda og stuðningsefnis í kynningu. Skipulag sem gerir kynningu áhrifaríka hefur yfirlétt inngang, einn eða fleiri aðgreinda kafla í meginmáli og niðurlag. Skipulag ætti að endurspeglar að nemendi hefur meðvitað valið úr mögulegum valkostum, t.d. kynnt í tímaröð, stuðst við vandamál-úrlausn líkan, eða líkan byggt á greiningu afmarkaðra þátta. Markvisst skipulag gerir áheyrendum auðveldara að fylgjast með þannig að kynningin sé líklegri til að ná tilgangi sínum.
- Stuðningsefni: Útskýringar, dæmi, skýringarmyndir, tölfræði, hliðstæður, tilvitnanir í viðeigandi heimildir/áhrifavalda, annars konar upplýsingar eða greining sem styður megininntak kynningar. Stuðningsefni er almennt trúverðugt þegar það á vel við og er fengið úr traustum og viðeigandi heimildum. Stuðningsefni verður sérlega trúverðugt þegar það er einnig líflegt og fjölbreytilegt (t.d. samblanda af dæmum, tölfræði og tilvitnunum). Stuðningsefni getur líka þjónað þeim tilgangi yta undir trúverðuleika mælandans. Sem dæmi má nefna að við kynningu á skapandi efni, eins og verkum Shakespeare, mætti nota leiklestur sem stuðningsefni sem þjónaði ekki þeim tilgangi að efla skilning á verkum skáldsins en gæti sýnt fram á hæfileika nemenda til að leika verk Shakespeare.

# HÆFNIRAMMI FYRIR MUNNLEG SAMSKIPTI

## Skilgreining

Munnleg samskipti eru undirbúin merkingarbær frásögn sem ætlað er að auka þekkingu og skilning eða stuðla að breytingu á viðhorfi, gildum eða hegðun áheyrenda.

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Skipulag</b>	Skipulag (skilmerkilegur inngangur og niðurstaða, uppröðun efnis í meginmál skýr og gott flæði á milli þátta) er skýrt og greinilegt og kunnáttusamlega útfært sem skapar gott samhengi í kynningunni	Skipulag (skilmerkilegur inngangur og niðurlag, uppröðun efnis í meginmáli skýr og gott flæði á milli þátta) er skýrt og greinilegt samræmi í kynningunni.	Skipulag (skilmerkilegur inngangur og niðurlag, uppröðun efnis í meginmáli skýr og gott flæði á milli þátta) er stundum en ekki alltaf skýrt í kynningunni.	Skipulag (skilmerkilegur inngangur og niðurlag, uppröðun efnis í meginmáli skýr og gott flæði á milli kafla) er óskýrt í kynningunni.
<b>Málfar</b>	Málfar er skapandi, eftirminnilegt, sannfærandi og á þátt í að gera kynninguna áhrifaríka. Málfarið hæfir áheyrandahópnum	Málfar er vandlega valið og styður almennt vel við áhrif kynningar. Málfarið hæfir áheyrandahópnum.	Málfar er almennt og hversdagslegt en styður að einhverju leyti við áhrif kynningar. Málfar hæfir áheyrandahópnum.	Málfar er óljóst og er lítt til þess fallið að styðja við kynninguna. Málfar hæfir ekki áheyrandahópnum.
<b>Framsetning</b>	Tjáning (líkamsstaða, líkamstjáning, augnsamband og raddbeiting) stuðlar að því að gera kynninguna sannfærandi og mælandi virðist fagaður og sjálfsöruggur.	Tjáning (líkamsstaða, líkamstjáning, augnsamband og raddbeiting) stuðlar að því að gera kynninguna áhugaverða og mælandi hvílir vel í sjálfum sér.	Tjáning (líkamsstaða, líkamstjáning, augnsamband og raddbeiting) stuðlar að því að gera kynninguna skiljanlega en mælandi virðist hikandi.	Tjáning (líkamsstaða, líkamstjáning, augnsamband og raddbeiting) dregur úr skiljanleika kynningar og mælandi virðist óöruggur.
<b>Stuðningsefni</b>	Fjölbreytt stuðningsefni (útskýringar, dæmi, skýringarmyndir, tölfræði, hliðstæður, tilvitnanir í viðeigandi heimildir/áhrifavaldar) er viðeigandi og upplýsingar eða greiningar í stuðningsefninu styðja verulega við kynninguna eða staðfesta trúverðuleika mælanda í umfjöllun um efnið.	Stuðningsefni (útskýringar, dæmi, skýringarmyndir, tölfræði, hliðstæður, tilvitnanir í viðeigandi heimildir) er viðeigandi og upplýsingar eða greiningar í stuðningsefninu styðja almennt við kynninguna eða benda til trúverðuleika mælanda í umfjöllun um efnið.	Stuðningsefni (útskýringar, dæmi, skýringarmyndir, tölfræði, hliðstæður, tilvitnanir í viðeigandi heimildir) er viðeigandi og upplýsingar eða greiningar í stuðningsefninu styðja að einhverju leyti við kynninguna og trúverðuleika mælanda í umfjöllun um efnið.	Ófullnægjandi stuðningsefni (útskýringar, dæmi, skýringarmyndir, tölfræði, hliðstæður, tilvitnanir í viðeigandi heimildir), vísað til upplýsinga eða greininga sem styðja að litlu leyti við kynninguna eða trúverðuleika mælanda.
<b>Megininntak</b>	Megininntak er sannfærandi (sett fram með skýrum hætti, endurtekningar eru viðeigandi, eftirminnilegt og mjög vel rökstutt)	Megininntak er skýrt og í góðu samhengi við stuðningsefni.	Megininntak er að mestu skiljanlegt en vantar viðeigandi endurtekningu til áherslu og er ekki eftirminnilegt.	Hægt er að átta sig á megininntaki en framsetning er óskýr í kynningunni.

# HÆFNIRAMMI FYRIR ÚRLAUSN VANDAMÁLA

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Úrlausn vandamála er það ferli að hanna meta og innleiða aðferðir til að svara opinni spurningu eða ná æskilegu markmiði. Að leysa vandamál felur í sér ákvarðanatöku.

## Skýring

Úrlausn vandamála tekur til margvíslegrar starfsemi sem getur verið mjög mismunandi eftir fræðasviðum. Verkefni sem fela í sér að nemendur finni lausn á vandamálum geta verið allt frá því að vera skýrt skilgreind til óljósra aðstæðna í tilbúnum aðstæðum, á rannsóknarstofum eða raunverulegum aðstæðum. Þetta hæfniviðmið kjarnar þætti sem eiga við í flestum aðstæðum sem kalla á úrlausn vandamála og er ætlað að nýtast þvert á fræðasvið. Það er nægilega víðtækt til að gera ráð fyrir einstaklingsmun milli nemenda, en þó nægilega skýrt og lýsandi til að hægt sé að meta að hvaða marki nemendur hafa hámarkað hæfni sína til að greina vandamál og finna lausnir.

Þessu hæfniviðmiði er ætlað að leggja mat á gæði **ferlisins**, fremur en gæði **lokaafurðarinnar**. Þar af leiðandi þarf í stökum verkefnum eða verkefnasöfnum að vera einhver staðfesting á hugsunarferli einstaklingsins um verkefni sem felst í að leysa vandamál (t.d. hugleiðingar um ferlið frá vandamáli til tillögu að lausn; skref sem leiða áfram vandamálamiðað (e. problem-based) verkefni; skráning á hugsanaferlinu (e. think-aloud protocol) sem beitt er í við úrlausnina). Lokaafurð verkefnis sem byggir á úrlausn vandamála er ófullnægjandi ef ekki er veitt innsýn í ferli nemandans við úrlausnina. Þar sem áherslan er á mat innan skóla eða stofnunar getur einnig komið til greina að meta hópverkefni sem unnin eru í lok náms.

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar voru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfniramma.*

- Samhengisþættir (e. contextual factors): Hamlandi þættir (svo sem kostnaðarmörk), aðföng, viðhorf (svo sem hlutdrægni) og æskileg viðbótarþekking, sem hafa áhrif á hvernig best er að leysa vandamálið, í raunverulegum eða tilbúnum aðstæðum.
- Gagnrýni: rækileg umfjöllun um og greining á ákveðnu listaverki, kenningu, hugmynd o.þ.l. í því skyni að draga fram og dæma um eiginleika þess, kosti og galla; úttekt (Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi)
- Fýsileiki (e. feasibility): Að hvaða marki lausn er fýsileg eða framkvæmanleg með hliðsjón af tímaramma, notagildi, tiltækum aðföngum, nauðsyn á aðkeyptu efni eða takmörkunum á tillögu að lausn.
- „Tilbúin“ lausn eða fyrirliggjandi lausn: Einfaldur valkostur sem er vel þekktur úr daglegu lífi og reynslu, en er ekki sérsniðinn að viðkomandi vandamáli (t.d. að halda kökubasar til að „bjarga“ vanfjármöggnuðu almenningsbókasafni); Ekki sérhönnuð lausn.
- Lausn: Viðeigandi svar við áskorun eða vandamáli; s.h. úrræði.
- Aðferð (e. strategy): Aðgerðaáætlun eða aðferð sem er hannað til að leiða til lausnar. (Ef vandamálið sem þarf að leysa er á sem þarf að komast yfir mætti beita byggingaraðferð og samvinnumiðaðri nálgun (að byggja brú með samfélagsþátttöku) eða nota einstaklingsmiðaða nálgun (að synda einn yfir ána) sem gæti verið persónuleg og nærtæk nálgun fyrir einhvern sem kann ekki að synda.
- Stuðningur (e. support): Sértekur rökstuðningur, gögn o.þ.h. sem liggja til grundvallar lausnar, eða vali á lausn. Snýst um á hvaða gögnum og rökum úrlausnin er byggð.



# HÆFNIRAMMI FYRIR ÚRLAUSN VANDAMÁLA

## Skilgreining

Úrlausn vandamála er það ferli að hanna meta og innleiða aðferðir til að svara opinni spurningu eða ná æskilegu markmiði.

	Framúrskarandi 4	3	2	Lágmark 1
<b>Skilgreining á vandamáli</b>	Sýnir fram á færni til að setja fram skýra lýsingu á vandamáli byggða á insæi þar sem allir viðeigandi samhengisþættir eru teknir til greina.	Sýnir fram á færni til að setja fram lýsingu á vandamáli þar sem flestir viðeigandi samhengisþættir eru teknir til greina og þar sem lýsing vandamálsins er nægilega nákvæm.	Er byrjaður/byrjuð að sýna fram á færni til að setja fram lýsingu á vandamáli þar sem flestir viðeigandi samhengisþættir eru teknir til greina, en lýsingin er yfirborðskennd.	Sýnir fram á takmarkaða færni til að setja fram lýsingu á vandamáli eða tengdum samhengisþáttum.
<b>Að finna/koma auga á aðferðir</b> (e. identifying strategies)	Kemur auga á margar leiðir til að leysa vandamálið, sem eiga við í viðkomandi samhengi.	Kemur auga á margar leiðir til að leysa vandamálið, en aðeins sumar þeirra eiga við í viðkomandi samhengi.	Kemur auga á eina leið til að leysa vandamálið, sem eiga við í viðkomandi samhengi.	Kemur auga á eina eða fleiri leiðir til að leysa vandamálið, en þær eiga ekki við í viðkomandi samhengi.
<b>Tillögur að lausnum/tilgátur</b>	Leggur til eina eða fleiri lausnir/tilgátur sem eru til marks um djúpan skilning á vandamálinu. Lausn/tilgátur taka mið af samhengisþáttum, sem og öllum eftirfarandi þáttum: siðferðilegum, röklegum og menningarbundnum víddum vandamálsins.	Leggur til eina eða fleiri lausnir/tilgátur sem eru til marks um skilning á vandamálinu. Lausn/tilgátur taka mið af samhengisþáttum, sem og einum eftirfarandi þátta: siðferðilegum, röklegum eða menningarbundnum víddum vandamálsins.	Leggur til eina lausn/tilgátu sem er „tilbúin“ eða fyrirliggjandi, fremur en lausn sem tekur til greina tiltekna samhengisþætti í tengslum við vandamálið.	Leggur fram lausn/tilgátu sem erfitt er að meta vegna þess að hún er óljós eða tekur aðeins óbeint á vandamálinu.
<b>Mat á hugsanlegum lausnum</b>	Mat á lausnum er djúphugult og vandað (t.d. ítarlegar skýringar sem lýsa miklu innsæi) með djúpstæðri og rækilegri greinargerð um allt eftirfarandi: tekur til greina sögu vandamálsins, fer yfir röksemdafærslu, kannar fýsileika lausnarinnar og leggur mat á áhrif hennar.	Mat á lausnum er ásætlanlegt (t.d. hefur ítarlega skýringu) og felur í sér eftirfarandi: tekur til greina sögu vandamálsins, fer yfir röksemdafærslu, kannar fýsileika lausnarinnar og leggur mat á áhrif hennar.	Mat á lausnum er stutt (t.d. er skýring yfirborðskennd) og felur í sér eftirfarandi: tekur til greina sögu vandamálsins, fer yfir röksemdafærslu, kannar fýsileika lausnarinnar og leggur mat á áhrif hennar	Mat á lausnum er yfirborðskennt (t.d. hefur aðeins mjög stutta skýringu sem ristir grunnt) og felur í sér eftirfarandi: tekur til greina sögu vandamálsins, fer yfir röksemdafærslu, kannar fýsileika lausnarinnar og leggur mat á áhrif hennar
<b>Útfærsla lausnar</b>	Lausnin útfærð þannig að tekið er ítarlega og af djúpt á mörgum samhengisþáttum vandanmálsins.	Lausnin útfærð á þann hátt að tekið er á mörgum samhengisþáttum vandamálsins en yfirborðslega.	Lausnin útfærð á þann hátt að tekið er á vandamálinu, en horft fram hjá viðeigandi samhengisþáttum.	Lausnin útfærð á þann hátt að ekki er tekið á vandamálinu með beinum hætti.
<b>Mat á niðurstöðum</b>	Farið ítalrlega yfir niðurstöður varðandi skilgreint vandamáli og sérstaklega litið til þess hvort þörf er fyrir frekari rannsóknir.	Farið yfir niðurstöður varðandi skilgreint vandamáli og að hluta litið til þess hvort þörf er fyrir frekari rannsóknir.	Farið yfir niðurstöður varðandi vandamál en litið eða ekkert litið til þess hvort þörf er fyrir frekari rannsóknir.	Farið yfir niðurstöður varðandi skilgreint vandamál en ekkert litið til þess hvort þörf er fyrir frekari rannsóknir.

# HÆFNIRAMMI FYRIR LÆSI Á MEGINDLEG GÖGN

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Læsi á meginleg gögn – einnig þekkt sem talnalæsi – er hugsunarháttur/hugsanagangur (e. habit of mind), hæfni og færni í að vinna með talnagögn. Einstaklingar sem eru vel læsir á meginleg gögn búa yfir rökhusun og getu til að leysa margvísleg meginleg vandamál í raunverulegum og hversdagslegum aðstæðum. Þeir skilja og geta fært fram vel ígrunduð rök, studd meginlegum gögnum og geta sett þessi rök fram á margs konar sniði (í orðum, línuritum, stærðfræðijöfnum, o.s.frv. eftir því hvað á við)

## Læsi á meginleg gögn þvert á fræðigreinar

Núverandi áherslur í umbótum í menntun benda til að háskólakennarar hafi áttað sig á sífellt vaxandi mikilvægi læsis á meginleg gögn í heimi sem reiðir sig í sífellt auknum mæli á magnbundin gögn. Niðurstöður könnunar á vegum samtala bandarískra háskólastofnanna (AAC&U) sýndu að atvinnurekendur leggja sömuleiðis ríka áherslu á læsi á meginlegum gögnum og eru meðvitaðir um að nemendur sem nú stunda háskólanám muni þurfa að búa yfir viðamikilli hæfni í lestri á meginlegum gögnum til að geta staðið undir skyldum í framtíðarstörfum sínum. Nánast allir, óháð framtíðarstarfi, munu þurfa að búa yfir grunnhæfni í læsi á meginleg gögn, t.d. getu til að lesa upplýsingar úr línuritum, gröfum og rúmfræðimyndum eða getu til að gera áætlanir og útreikninga af nákæmni.

Við gerð þessa hæfniramma reyndist flókið í upphafi að finna verkefni nemenda sem sýndu fram á læsi á meginleg gögn. Hægt er að nota stærðfræðijöfnur en þær jöfnur segja ekki til um hvort nemandinn sé hæfur um að meta vinnu síns og skilja vægi hennar. Hægt er að nota rannsóknarritgerðir sem byggja á meginlegum gögnum en oft er erfitt fyrir matsaðila að segja til um hversu mikið af hugsanaferlinu er í raun komið frá höfundum heimildanna sem stuðst var við (sem koma fram í heimildaskrá) og hversu mikið er frá nemandanum sjálfum komið, eða hvort ályktanir sem dregnar eru af niðurstöðum greiningar á heimildunum séu yfirhöfuð réttar.

Þar sem almennt samkomulag ríkir um mikilvægi læsis á meginleg gögn, fellur það í hlut háskólakennara að þróa ný verkefni sem gefa nemendum trausta þjálfun sem sett er í samhengi t.d. í að greina meginleg gögn, kynna meginleg gögn á viðeigandi sniði, beita útreikningum við að svara merkingarbærum spurningum, álykta út frá meginlegum gögnum og setja fram niðurstöður með aðgengilegum hætti fyrir mismundani viðtakendur og í mismunandi tilgangi. Eftir því sem nemendur þjálfast í að beita þessari hæfni þurfa kennarar að fylgja því eftir með gerð verkefna sem gera ráð fyrir að að úrlausnin leiði í ljós hugsanaferli nemenda og sýni fram á til hvaða þátta skilingur þeirra á meginlegum gögnum nær.

Þessi hæfniramma lætur háskólakennurum í té skilgreiningu á læsi á meginleg gögn og kvarða sem lýsir fjórum stigum hæfni sem meta má út frá stökum verkefnum eða safni verkefna. Meðlimir þróunarteymis hæfnirammansans fyrir læsi á meginleg gögn vona að þessi töl styðji við mat á slíku læsi en, ekki síður, vonum við að þau hjálpi háskólum og einstaklingum að fella læsi á meginlegum gögnum inn í almennt námsefni menntastofnanna.

## Skýringar

Þessi hæfniramma er hannaður til að meta verkefni sem snúast um læsi á meginlegum gögnum með áþreifanlegum hætti. Læsi á meginleg gögn er ekki bara útreikningur og að vitna í annarra gögn. Læsi á meginleg gögn er hugsunarháttur, aðferð til að skilja umheiminn með því að draga ályktanir út frá gögnum og greiningu á talnæfni. Kennsla í læsi á meginleg gögn gerir kröfur um að við hönnum verkefni sem innihalda raunveruleg gagna-miðuð vandamál. Slík verkefni má leggja fyrir nemendur í formi ritgerða en aðrir kostir standa til boða: upptaka af PowerPoint kynningu, vel hönnuð vefsíða. Í öllu falli, ef sýna skal fram á gott læsi á meginleg gögn, ætti framsetning stærðfræðilegra útreikninga að tengjast ítarlegri umræðu um þau undirliggjandi vandamál sem sett eru fram í verkefninu.

Að lokum getur hæfni í læsi á meginleg gögn átt við ýmis vandamál af ýmsum erfiðleikastigum, sem getur gert notkun á þessum hæfniramma flókna. Til dæmis getur sami nemandinn sýnt merki um gott læsi á meginleg gögn við úrlausn einfalds verkefnis en í flókna verkefni virðist læsi á meginleg gögn lakara. Vegna þessa gæti reynst nauðsynlegt að meta hæfni nemenda í læsi á meginleg gögn í með hliðsjón af erfiðleikastigi verkefnis, eins og gert er t.d. í keppni í dýfingum þar sem stigagjöf er gefin í tveimur flokkum, öðrum fyrir erfiðleikastig dýfingar, hinum fyrir hæfni í framkvæmd dýfingar. Í þessu samhengi myndi það þýða að stig væru gefin fyrir erfiðleika verkefnis og annað fyrir hæfni í læsi á meginleg gögn í úrlausn nemanda.

# HÆFNIRAMMI FYRIR LÆSI Á MEGINDLEG GÖGN

## Skilgreining

Læsi á meginleg gögn – einnig þekkt sem talnalæsi – er hugsunarháttur/hugsanagangur (e. habit of mind), hæfni og færni í að vinna með talnagögn. Einstaklingar sem eru vel læsir á meginleg gögn búa yfir rökhugsun og getu til að leysa margvísleg meginleg vandamál í raunverulegum og hversdagslegum aðstæðum. Þeir skilja og geta fært fram vel ígrunduð rök, studd meginlegum gögnum og geta sett þessi rök fram á margs konar sniði (í orðum, línuritum, stærðfræðijöfnum, o.s.frv. eftir því hvað á við)

*Matsaðilar eru hvattir til að gefa öllum sýnishornum verkefna eða safni verkefna sem ekki uppfylla hæfniviðmiðið (reitur eitt) einkunnina núll.*

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Túlkun</b> <i>Geta til að útskýra stærðfræðilegar upplýsingar (jöfnur, gröf, skýringarmynd, töflur, orð)</i>	Setur fram nákvæma útskýringu á upplýsingum sem settar eru fram á stærðfræðilegu formi. Dregur viðeigandi ályktanir út frá þeim upplýsingum. Til dæmis, skýrir vel leitni sem kemur fram á línuriti og dregur skynsamlegar ályktanir um hvað gögnin segja um framtíðarþróun.	Setur fram nákvæma útskýringu á upplýsingum sem settar eru fram á stærðfræðilegu formi. Til dæmis, skýrir vel leitni sem kemur fram á línuriti.	Setur fram að sumu leyti nákvæma útskýringu á upplýsingum sem settar eru fram á stærðfræðilegu formi en gerir af og til minni háttar mistök sem tengjast útreikningi eða einingum. Til dæmis, skýrir vel leitni í línuriti en gæti hafa reiknað hallatöluna skakkt.	Gerir tilraun til að skýra upplýsingar sem settar eru fram á stærðfræðilegu formi en dregur rangar ályktanir um hvað þessar upplýsingar merkja. Til dæmis, reynir að skýra leitni sem línuritið gefur til kynna en mistúlkar um hvers konar hneigð er að ræða, t.d. með því að ruglast á jákvæðri og neikvæðri hneigð.
<b>Kynning</b> <i>Geta til að leggja viðkomandi upplýsingar fram með stærðfræðilegum hætti (jöfnu, grafi, skýringarmynd, töflu, orðum)</i>	Sýnir kunnáttu og færni í að umskrá viðkomandi upplýsingar og setja þær fram á stærðfræðilegan hátt sem veitir innsæi og stuðlar að dýpri skilningi	Sýnir hæfni til að umskrá viðkomandi upplýsingar og setja þær fram á viðeigandi stærðfræðilegan hátt.	Leggur upplýsingar fram með stærðfræðilegum hætti en umskráningin er ónákvæm eða aðeins að hluta til viðeigandi.	Leggur fram upplýsingar með stærðfræðilegum hætti en umskráningin er ekki viðeigandi eða ónákvæm.
<b>Útreikningur</b>	Útreikningar eru í meginatriðum vel heppnaðir og nægilega yfirgripsmiklir til að leysa verkefnið. Útreikningar eru líka vel fram settir (skýrir, hnitmiðaðir, o.s.frv).	Útreikningar takast í meginatriðum vel og eru nægilega yfirgripsmiklir til að leysa verkefnið.	Útreikningar eru annað hvort aðeins að hluta til rétt reiknaðir til eða ekki nægilega yfirgripsmiklir til að leysa verkefnið.	Útreikningar eur gerðir en hvorki fullnægjandi né rétt reiknaðir.
<b>Beiting/greining</b> <i>Geta til að álykta og komast að viðeigandi niðurstöðu á grunni greininga á meginlegum gögnum, að teknu tilliti til takmarkana slíkra greininga</i>	Beitir meginlegri gagnagreiningu til að leggja grunn að vel ígrundaðari ályktun og notar greininguna til að komast að glöggum og vönduðum niðurstöðum.	Beitir meginlegri gagnagreiningu til að leggja grunn að ályktun sem stenst og notar greininguna til að komast að ásættanlegri niðurstöðu.	Beitir meginlegri gagnagreiningu til að leggja grunn að röklegrí ályktun (án innblásturs, blæbrigða eða frumleika) og notar greininguna til að komast að mögulegri niðurstöðu.	Beitir meginlegri gagnagreiningu til að leggja grunn að einfaldri ályktun sem gerð er með fyrirvara og er hikandi við að nota greininguna til að komast að niðurstöðu .
<b>Forsendur</b> (e. assumptions) <i>Geta til að ganga út frá og meta mikilvægar forsendur við mat, líkanagerð og gagnagreiningu</i>	Gerir grein fyrir forsendum og færir sannfærandi rök fyrir hvers vegna tiltekna forsendur eiga við. Er meðvitaður um að trúverðugleiki lokaniðurstöðu takmarkast af nákæmni forsendna sem gengið er út frá.	Gerir grein fyrir forsendum og færir sannfærandi rök fyrir hvers vegna tiltekna forsendur eru viðeigandi.	Gerir grein fyrir forsendum.	Gerir tilraun til að að gera grein fyrir forsendum.

<p><b>Samskipti</b>  <i>Að nota meginleg gögn máli sínu til stuðnings (þ.e. hvaða gögn eru notuð, á hvaða sniði þau eru, hvernig þau eru kynnt og sett í samhengi)</i></p>	<p>Notar meginleg gögn í tengslum við efnisyfirlýsingu eða tilgang verkefnis og setur þau fram á áhrifaríku sniði og útskýringar eru vandaðar.</p>	<p>Notar meginleg gögn í tengslum við efnisyfirlýsingu eða tilgang verkefnis en gæti sett gögnin fram á áhrifaríka sniði og liðir í útskýringum eru misgóðir.</p>	<p>Notar meginleg gögn en tekst ekki að tengja þau nægilega vel við efnisyfirlýsingu eða tilgang verkefnis.</p>	<p>Kynnir efnisyfirlýsingu sem mætti styrkja með notkun meginlegra gagna en notar ekki viðeigandi tölfræðilegan stuðning. (notar e.t.v.hugtök sem eru hálf-meginleg líkt og „mörg,“ „fá,“ „í auknum mæli“ o.s.frv. fremur en nákvæm tölfræðihugtök.)</p>
--	--	---	---	--

## HÆFNIRAMMI FYRIR LESTUR

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

### Skilgreining

Margþætt ferli sem felst í að lesa úr bókstafstáknum eða rittáknum og breyta þeim í hljóð (orðkennsl) og skilja merkingu þeirra.

Með hugtakinu lestur er oft átt við „tæknilegan“ lestur, það er að geta lesið upphátt eða í hljóði, óháð skilningi. Að geta lesið þannig er ekki sama og vera læs. (Íðorðabanki í menntunarfræði)

### Skýring

Flókna fræðilega texta sem notaðir eru sem námsefni í háskólum þarf að setja í samhengi, nálgast, skilja, greina, túlka og ræða; þeir skýra sig ekki sjálfir. Háskólakennarar hafa í gegnum tíðina almennt litið á kunnáttu á lestri sem grundvallarfærni sem nemandi gæti þó e.t.v. þurft að bæta sig í. Þeir hafa gengið út frá því að nemendur í háskóla hafi á því stigi færni í lestri og ef svo er ekki, liggi ábyrgðin hjá grunn- og framhaldsskólakennurum.

Að líta svo á að ekki þurfi að leiðbeina við lestur á háskólastigi þarf, getur og mun breytast og þessi hæfniramma er skref í þá átt. Hvers vegna er þörf fyrir þessa breytingu? Jafnvel sterkir námsmenn sem hafa mikla þjálfun í lestri þegar þeir koma úr framhaldsskóla í háskóla hafa ekki lært það sem til þarf til að skilja texta í faglegu og fræðilegu samhengi – svo ekki sé minnst á þá sem eru annað hvort ekki jafn sterkir eða þjálfaðir í lestri. Lesendur þróa og bæta tækni sína í lestri ómeðvitað á fyrstu háskólaárum sínum og halda því áfram með því að takast á við áskoranir við lestur texta. Þessi hæfniramma setur fram fyrstu skrefin í átt að því að meta lestrarhæfni nema í grunnámi í háskóla og þróun hennar. Markmið þessa hæfniramma er að styðja við og ýta undir meðvitaða kennslu á lestri í grunnámi háskóla þegar nemendur kynnast æ flóknari textum og læra að lesa texta á sama hátt og þeir eru innvígðir í viðkomandi fræðasvið.

Lesendur sem eru komnir lengra í námi ætti að hvetja til að nálgast texta og takast á við þá með ígrundandi forvitni og máta ýmsa þætti í textanum við eigin reynslu. Þessi kvarði setur viðmið til að meta bæði dýpkandi samband nemenda við texta og aukna færni þeirra í að fást við þá texta sem eru hluti af námsefninu. Líklegt er að notendum þessa kvarða finnist að mörk á milli stiga kvarðans séu dálítið óræð og að viðmiðin séu að vissu marki innbyrðis tengd.

### Hugtakalisti

- Greining: Það ferli að bera kennsl á og nota eiginleika texta til að öðlast betri skilning á merkingu hans. (Gæti verið mat á textategund, málfari, blæbrigðum, yfirlýstum tilgangi, beinum eða óbeinum rökstuðningi (þ.m.t. ágallar í röksstuðningi) og sögulegu samhengi textans.
- Skilningur: Það hversu vel lesandi „nær“ textanum, bæði bókstaflega og í óeiginlegri merkingu. Færir og reyndir lesendur munu hafa færst frá því að „ná“ merkingu orða textans yfir í að „ná“ því sem textinn gefur í skyn, spurningunum sem hann vekur upp, og hugsanleg mótrök við honum. (Sjá skilgreiningu á *Lesskilningur*: Hæfnin til að skilja, nýta sér og tengja merkingu texta við fyrri þekkingu og lesa texta í margvíslegum tilgangi til að afla sér þekkingar eða til skemmtunar (Íðorðabanki í menntunarfræði).
- Þekkingarfræðilegt sjónarhorn: Þekkingargrunnur sem lesandi byggir upp á tilteknu fræðasviði á námsferli sínum (s.s.í gegnum ritgerðir, námsbækur, bókmenntaverk, fræðilegar greinar, rannsóknarskýrslur, styrkjaumsóknir, fyrirlestra, blogg færslur, vefsíður eða yfirlitsgreinar). Það hversu víðfeðm þessi þekking er skapar grundvöll fyrir sjálfstæðan lestur og skilning á textum á öðrum fræðasviðum.
- Textategund (e. genre): Sérstök tegund texta sem markast af venjum fræðigreinar eða samkomulagi sem lærst hefur með því að vera þátttakandi í orðræðu fræðasamfélagsins. Textategund stýrir því hvað textinn getur fjallað um, hvernig uppbygging er, hvers má vænta af textanum, til hvers hann er ætlaður og hvernig má nota hann.
- Túlkun: Að ákvarða eða setja fram skilning á merkingu texta eða textabrots á tiltekinn hátt út frá innra og ytra samhengi textans.
- Tulkunaráferðir: Meðvitaðar nálganir frá mismunandi sjónarhornum sem geta t.d. falið í sér skýrandi spurningar, skýringu á því samhengi sem textinn var skrifaður í eða varpað ljósi á andstæð sjónarmið (með því að setja fram spurningar sem véfengja staðhæfingar í textanum).
- Mörg sjónarhorn: Vangaveltur um hvernig merking texta getur verið mismunandi eftir því frá hvaða sjónarhorni hún er lesin.
- Hlutar: Titlar, fyrirsagnir, merking orðaforða út frá samhenginu, uppbygging texta, mikilvægar hugmyndir og tengsl þeirra hugmynda.
- Tengsl við textann: Þær væntingar og fyrirætlanir sem lesandi hefur þegar hann nálgast tiltekna texta.
- Meðvituð leit að tengslum: Virkur og meðvitaður hugsunarháttur, nátengdur rannsókn og greiningu.

- Að sundurliða texta: Draga mikilvæga þætti út úr texta þ.e. gera útdrátt, greina stærri og minni þætti sem hluta af heildarmerkingu (berið saman við greiningu hér að ofan).
- Hugvitund (e. metacognition): Þekking einstaklinga á eigin hugsun, minni og kunnáttu, sem gefur þeim möguleika á að hafa áhrif á og stýra hugsun sinni og gerðum á meðvitaðan hátt. (Íðorðabanki í menntunarfræði). Þetta hugtak kemur hvergi fram í hæfnirammahumanum en er þó undirliggjandi í mörgum lýsingum og er vissulega mikið notað í umræðu um árangursríkt nám. Þekking á eigin hugsunum í tengslum við lestur felur í sér að lesandi sé meðvitaður og yfirvegaður og beiti nálgun og aðferðum sem hann hefur góð tök á við að vinna sig á áhrifaríkan hátt í gegnum mismunandi texta, allt frá rannsóknarskýrslum til sonnetta, stærðfræðitextum til sagnfræði, o.s.frv.

# HÆFNIRAMMI FYRIR LESTUR

## Skilgreining

**Skilgreining:** Margþætt ferli sem felst í að lesa úr bókstafstáknum eða rittáknum og breyta þeim í hljóð og skilja merkingu þeirra (íðorðabanki í menntunarfræði).

	Framúrskarandi 4	Áfangar 3	2	Lágmark 1
<b>Skilningur</b>	Ber kennsl á það sem textinn gefur til kynna varðandi samhengi, sjónarhorn eða þætti sem ganga lengra en verkefnið sem lagt var fyrir eða lengra en bókstafleg skilaboð höfundar (t.d. kemur auga á víðtækari mál sem hafa áhrif eða véfengir skilaboð eða framsetningu höfundar).	Notar textann, almenna þekkingu á baksviði og/eða sértæka þekkingu á samhengi höfundar til að draga flóknari ályktanir um skilaboð og viðhorf höfundar.	Metur hvernig einkenni textans (t.d. uppbygging málsgreina og efnisgreina eða blæbrigði) styrkja skilaboð höfundar, dregur grunnályktanir um samhengi höfundar og tilgang textans.	Hefur nægilegan skilning á orðaforða textans til að umorða hann eða gera samantekt þannig að skilaboð textans komist til skila.
<b>Textategund</b>	Notar kunnáttu sína við að bera kennsl á texta innan og þvert á textategundir og beitir ólíkum nálgunum og mismunandi væntingum út frá einkennum tilekinna textategunda.	Getur lýst mun á textategundum og hefðum sem einkenna þær.	Ígrundar reynslu sína af lestri á mismunandi textategundum, les bæði eins og hefðir textategundar gera ráð fyrir og þvert á hefðir, bæði meðvitað og með tilraunakenndum hætti.	Beitir þekkingu sinni á textategundum við lestur á ýmsu námsefni með viðunandi árangri en án ígrundunar.
<b>Tengsl við textann</b> <i>Að skapa merkingu í texta út frá samhengi.</i>	Leggur mat á texta út frá fræðilegu vægi hans og mikilvægi, bæði innan fræðasviðs og þvert á mismunandi fræðigreinar, og tekur mið af því sem textinn hefur fram að færa og hvað það hefur í för með sér.	Notar texta í fræðilegu samhengi til að mynda þekkingargrunn á sínu fræðasviði og til að varpa fram og kanna mikilvægar spurningar.	Nálgast texta í þeim tilgangi að öðlast þekkingu bæði á viðkomandi málefni og almennt.	Nálgast texta sem verkefni sem sett hefur verið fyrir í þeim tilgangi að finna rétt svör og læra þær staðreyndir og þau hugtök sem gerð er krafa um í náminu.
<b>Greining</b> <i>Að skoða textann í heild og í hlutum</i>	Leggur mat á mismunandi nálganir við að tengja hugmyndir, uppbyggingu eða önnur einkenni texta í þeim tilgangi að byggja upp þekkingu eða innsýn bæði innan texta og og þvert á texta og fræðasvið.	Ber kennsl á tengsl milli hugmynda, uppbyggingar texta og annara einkenna textans í þeim tilgangi að meta hvernig þessir þættir styðja við aukinn skilning á textanum í heild sinni.	Áttar sig á tengslum á milli tiltekinna hluta eða þátta texta, t.d. áhrifarík og máttlaus röksemdafærslu eða áhrif málfarseinkenna og skoðar hvernig þessir þættir hafa áhrif á skilning á textanum í heild sinni.	Ber kennsl á þætti texta (t.d. inntak, uppbyggingu, eða tengsl hugmynda í textanum) nægilega vel til að geta svarað þeim spurningum sem settar eru fram í verkefninu.
<b>Túlkun</b>	Sýnir fram á kunnáttu í lestri út frá þekkingarfræðilegu sjónarhorni en getur líka lagt stund á lestur sem er liður í viðvarandi samræðu innan sem utan fræðasviðsins eða tiltekinna samfélagshópa.	Tjáir skilning sinn á margs konar nálgunum við lestur og margvíslegum túlkunarleiðum innan síns fræðasviðs eða tiltekinna samfélagshópa.	Sýnir fram á getu til að lesa meðvitað og getur valið sér ákveðna aðferð við túlkun eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum.	Áttar sig á mismunandi tilgangi lesturs en reiðir sig á skýr fyrirmæli frá kennara.
<b>Rödd lesanda</b> <i>Að taka þátt í fræðilegu samtali um texta</i>	Ræðir texta og tekur sjálfstæða vitsmunalega og siðferðilegra afstöðu sem er til þess fallin að leiða áfram eða eiga þátt í fræðilegri umræðu.	Útskýring á texta (með túlkun eða spurningum) er til þess fallin að dýpka eða styrkja umræðuna.	Tekur þátt í skipulegum umræðum um texta (svo sem í skólastofu) og á þar með þátt í að styrkja sameiginlegan grunnskilningi á textanum.	Gerir athugasemdir við texta sem bera vott um skilning á textanum og tengsl hans við verkefnið.

## HÆFNIRAMMI FYRIR TEYMISVINNU

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

### Skilgreining

Vinna sem er unnin sameiginlega af teymi, hópvinna (Íslensk nútímamálsorðabók). Hversu vel teymisvinna gengur er komið undir framkomu einstaklinga sem mynda hópinn (það sem þeir leggja af mörkum til hópverkefnisins, samskipti þeirra við aðra meðlimi hópsins, magn og gæði framlags þeirra til hópumræðna).

### Skýring

Nemendur taka þátt í ýms konar teymum við mismunandi aðstæður. Tiltekinn nemandi getur t.d. unnið í mismunandi hópum að rannsóknarverkefni, munnlegri kynningu eða samfélagsþjónustuverkefni. Gera má ráð fyrir að fólkið sem nemandi þarf að vinna með sé mismunandi í hverju teymi. Það þarf því að taka til greina að verkefni sem tekin eru til mats geta verið vitnisburður um hæfni nemanda til teymisvinnu við ólíkar aðstæður. Þessi hæfniramma er því hannaður með það í huga að meta allskonar aðstæður.

Tvennt hefur mótað það hvernig nota má kvarðann. Í fyrsta lagi er kvarðinn hannaður til að meta framlag einstaklinga, fremur en hópsins í heild. Það getur því verið að nemandi skori hátt þrátt fyrir að vinna hópsins í heild hafi dálitla vankanta. Á sama hátt getur nemandi skorað lágt þó að teymisvinna hópsins í heild hafi verið til fyrirmyndar. Í öðru lagi er þessi kvarði til þess gerður að meta gæði **ferlis** fremur en gæði **lokaafurðar**. Því verða verkefni sem sett eru fyrir að vera þannig gerð að hægt sé að sýna fram á framlag einstaklinga innan hópsins. Lokaafurð hópsins (t.d. rannsóknarskýrsla) veitir ein og sér ekki nægilega innsýn inn í hvernig hópurinn starfaði.

Mælt er með því að í stökum verkefnum eða safni verkefna sé að finna a.m.k. eitt af eftirfarandi: (1) einstaklingsmat nemanda á eigin vinnu innan hópsins, (2) jafningjamat frá öðrum meðlimum hópsins varðandi framlag nemanda eða (3) mat óháðs þriðja aðila sem fylgist með teymisvinnunni. Töluverður munur er á kröfunum sem þetta þrennt gerir til menntastofnana. Mælt er með því að háskólar íhugi vandlega það svigrúm sem þeir hafa til að leggja mat á teymisvinnu og velji gögn sem leggja á til grundvallar matinu í samræmi við það.



# HÆFNIRAMMI FYRIR TEYMISVINNU

## Skilgreining

Vinna sem er unnin sameiginlega af teymi, hópvinna (Íslensk nútímamálsorðabók). Hversu vel teymisvinna gengur er komið undir framkomu einstaklinga sem mynda hópinn (það sem þeir leggja af mörkum til hópverkefnisins, samskipti þeirra við aðra meðlimi hópsins, magn og gæði framlags þeirra til hópumræðna).

	Framúrskarandi 4	Áfangar		Lágmark 1
		3	2	
<b>Virk þátttaka í teymisfundum</b>	Hjálpar hópnum að komast áfram í vinnu sinni með því að vekja athygl á verðleikum hugmynda og tillagna annarra.	Leggur til valkosti við úrlausn sem byggir á hugmyndum annarra.	Leggur fram nýjar tillögur til að ýta undir framvindu í vinnu hópsins.	Deilir hugmyndum sínum en ýtir ekki undir framvindu vinnu hópsins.
<b>Auðveldar þátttöku annarra í hópnum</b>	Virklar hópmeðlimi þannig að þeir eigi auðveldara með að leggja til málanna á fundum, bæði með því að grípa hugmyndir annarra og byggja á þeim og eins með því að taka eftir þegar meðlimir eru óvirkir og hvetja þá til þátttöku.	Virklar hópmeðlimi þannig að þeir eigi auðveldara með að leggja til málanna á fundum með því að grípa hugmyndir annarra og þróa þær áfram	Virklar hópmeðlimi þannig að þeir eigi auðveldara með að leggja til málanna á fundum með því að endurtaka skoðanir annarra eða spyrja spurninga til að fá fram skýrara álit.	Tekur þátt með því að taka orðið þegar röðin er komin að honum/henni og hlustar á aðra án þess að grípa fram í fyrir þeim.
<b>Framlög einstaklinga utan teymisfunda</b>	Lýkur verkefnum tímanlega fyrir skilafrest; Úrlausnin er yfirgripsmikil og ítarleg og hefur stutt framvindu í vinnu hópsins. Hefur sýnt frumkvæði að því að hjálpa öðrum meðlimum hópsins að ljúka sínum verkefnum svo þau standist gerðar kröfur.	Lýkur verkefnum tímanlega fyrir skilafrest; Úrlausnin er yfirgripsmikil og ítarleg og hefur stutt framvindu í vinnu hópsins.	Lýkur verkefnum tímanlega fyrir skilafrest; Framlag til verkefnisins hefur stutt framvindu í vinnu hópsins.	Lýkur verkefnum tímanlega fyrir skilafrest.
<b>Skapar uppbyggilegan anda í hópnum</b>	Stuðlar að uppbyggilegum starfsanda með því að gera allt eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kemur fram við meðlimi hópsins af virðingu og er uppbyggileg/ur í samskiptum.</li> <li>• Notar jákvæðan tón í samskiptum sínum, hvort sem þau eru skrifleg eða munnleg, svipbrigði og líkamstjáning gefa í skyn jákvætt viðhorf til hópsins og vinnu hans.</li> <li>• Hvetur meðlimi hópsins áfram með því að láta í ljós trú á mikilvægi verkefnis og getu hópsins til að vinna það.</li> <li>• Býður fram aðstoð og/eða hvetur aðra hópmeðlimi.</li> </ul>	Stuðlar að uppbyggilegum starfsanda með því að gera þrennt af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kemur fram við meðlimi hópsins af virðingu og er uppbyggileg/ur í samskiptum.</li> <li>• Notar jákvæðan tón í samskiptum sínum, hvort sem þau eru skrifleg eða munnleg, svipbrigði og líkamstjáning gefa í skyn jákvætt viðhorf til hópsins og vinnu hans.</li> <li>• Hvetur meðlimi hópsins áfram með því að láta í ljós trú á mikilvægi verkefnis og getu hópsins til að vinna það.</li> <li>• Býður fram aðstoð og/eða hvetur aðra hópmeðlimi.</li> </ul>	Nemandi stuðlar að uppbyggilegum starfsanda með því að gera tvennt af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kemur fram við meðlimi hópsins af virðingu og er uppbyggileg/ur í samskiptum.</li> <li>• Notar jákvæðan tón í samskiptum sínum, hvort sem þau eru skrifleg eða munnleg, svipbrigði og líkamstjáning gefa í skyn jákvætt viðhorf til hópsins og vinnu hans.</li> </ul> Hvetur meðlimi hópsins áfram með því að láta í ljós trú á mikilvægi verkefnis og getu hópsins til að vinna það. Býður fram aðstoð og/eða hvetur aðra hópmeðlimi.	Nemandi stuðlar að uppbyggilegum starfsanda með því að gera eitt af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kemur fram við meðlimi hópsins af virðingu og er uppbyggileg/ur í samskiptum.</li> <li>• Notar jákvæðan tón í samskiptum sínum, hvort sem þau eru skrifleg eða munnleg, svipbrigði og líkamstjáning gefa í skyn jákvætt viðhorf til hópsins og vinnu hans.</li> </ul> Hvetur meðlimi hópsins áfram með því að láta í ljós trú á mikilvægi verkefnis og getu hópsins til að vinna það. Býður fram aðstoð og/eða hvetur aðra hópmeðlimi.

<b>Bregst við ágreiningi</b>	Tekur á skaðlegum ágreiningi með beinum og uppbyggilegum hætti, stuðlar að lausn sem styrkir almenna samheldni teymisins og framtíðar árangur.	Ber kennsl á og viðurkennir ágreining og veigrar sér ekki við honum.	Beinir athygli að því að verkefninu og því sem sameinar hópinn (frá ágreiningsmálum).	Samþykkir eða tekur ekki afstsöðu gagnvart ólíkum skoðunum/hugmyndum/sjónarmiðum.
------------------------------	--	--	---	---

# HÆFNIRAMMI FYRIR SKRIFLEG SAMSKIPTI

Hæfnirammarnir voru þróaðir af teymi fræðimanna frá ýmsum háskólum í Bandaríkjunum. Við gerð hvers hæfniramma var stuðst við ýmsa fyrirliggjandi matskvarða og önnur tiltæk gögn um mat á námsárangri og síðan tekið mið af athugasemdum frá háskólakennurum. Í matskvörðunum eru sett fram grundvallarviðmið til að leggja mat á hverja tegund hæfni með lýsingum á frammistöðu frá lágmarkshæfni til framúrskarandi hæfni. Hæfnirammarnir eru ætlaðir til notkunar innan háskóla til að meta og ræða nám nemenda, ekki til einkunnargjafar. Þær grunnvæntingar sem koma fram í öllum 16 hæfnirömmunum má og ætti að umrita og aðlaga að staðbundnum þörfum þannig að matsviðmið séu í samræmi við það orðfæri sem notað er í viðkomandi háskóla, deild eða námskeiði. Gagnsemi matskvarðanna felst í að skilgreina viðmið í grunnámi í háskóla þannig að til verði sameiginlegur skilningur á árangri nemenda.

## Skilgreining

Skrifleg samskipti eru þróun og tjáning hugmynda í rituðu máli. Færni í skriflegum samskiptum felur í sér að geta unnið með ólíkar textategundir og mismunandi stíl. Það getur falist í að vinna með ólíkar ritunaraðferðir og blöndun texta, mynda og (tölfræðilegra) gagna. Færni í skriflegum samskiptum þróast með síendurtekinni reynslu í formlegu námi.

## Skýring

Þessi hæfniramma er hannaður til notkunar í margs konar menntastofnunum. Niðurstaða áratuga rannsókna um mat á skrifum sýnir að bestu matskvarðarnir eru staðbundnir og taka mið af aðstæðum og markmiðum skólanna sem nota þá. Notendur þessa kvarða ættu því að íhuga að aðlaga kvarðann og bæta við hann þáttum sem eru viðeigandi í þeirra háskólaumhverfi.

Þessi hæfniramma leggur áherslu á að meta hvernig stök verkefni eða söfn skriflegra verkefna eiga við í tilteknu samhengi. Spurningin sem höfð var að leiðarljósi við gerð kvarðans var „hversu vel mæta skrifin þörfum lesenda verksins?“ Með því að leggja áherslu á þessa spurningu urðu ýmsir þættir skrifa út undan við gerð þessa kvarða, sem þó eru ekki síður mikilvægar, t.d. er varða ritferlið, ritunarnálgun, færni höfundar við ýmis konar textagerð og útgáfu eða vaxandi ögun og helgun sem höfundar þróa með sér í gegnum ritferlið.

Matsaðilar sem styðjast við þennan hæfnirammaa verða að hafa upplýsingar um verkefnið eða tilgang sem höfundur hafði að leiðarljósi við skrifin. Einnig er mælt með að styðjast við dæmi um ígrundandi sjálfsmat höfunda sem svarar spurningum á borð við: Hvaða ákvarðanir tók höfundur varðandi lesendur, tilgang og textategund við val á verkefnum í sýnismöppuna/ferilmöppuna (e. portfolio)? Hvernig má sjá þær ákvarðanir í textanum – í inntaki, skipulagi og uppsetningu, röksemdafærslu, hefðum og heimildavinnu? Þetta mun gefa matsaðila skýra sýn á hvernig höfundur skildi verkefnið og gera honum kleift að taka mið af því í mati sínu.

Fyrsti hluti þessa kvarða snýr að samhengi og tilgangi skrifa. Sýnishorn eða safn verkefna getur varpað ljósi á samhengi og tilgang ritunarverkefnanna sem lögð eru fram til mats (t.d. í sýnismöppu/ferilmöppu). Mikilvægt er að kennarar og/eða skólar gefi leiðbeiningar um hvernig nemendur eiga að láta samhengi og tilgang skrifa sinna koma fram.

Íslenskum kennurum er bent á leiðbeiningar um ritun hjá Ritveri HÍ sem býður upp á aðstoð við fræðileg skrif fyrir nemendur og starfsfólk frá öllum deildum og sviðum háskólans bæði á íslensku og ensku. <https://ritver.hi.is/is>

## Hugtakalisti

*Eftirfarandi skilgreiningar eru settar fram til að skýra sérstaklega orð og hugtök sem eru notuð í tengslum við þennan hæfnirammaa.*

- Þróun efnis: Það hvernig er tekist á við efni sem er til umfjöllunar og það sett fram í texta með tilliti til lesenda og tilgangs. Sjá Afmörkun efnis hjá Ritveri HÍ hér <https://ritver.hi.is/is/ritgerdaskrif-ritunarferli/afmorkun-efnis>
- Samhengi og tilgangur skrifa: Samhengi skrifa á við ytri aðstæður textans: Hverjir eru lesendur hans? Hver er höfundur hans? Í hvaða kringumstæðum verður textanum deilt eða dreift? Hvaða samfélags- eða pólitísku aðstæður gætu haft áhrif á hvernig textinn er saminn eða túlkaður? Tilgangur skrifa varðar hvaða áhrif höfundur vildi kalla fram með skrifunum. Höfundur gæti viljað sannfæra eða upplýsa, hann gæti viljað segja frá eða taka saman upplýsingar, hann gæti viljað greiða úr flækjustigi eða ruglingi, hann gæti viljað gagnrýna skrif annarra höfunda eða tengja sig öðrum höfundum, hann gæti viljað gleðja eða hvetja til aðgerða, hann gæti verið að skrifa fyrir sjálfan sig, hvort sem er til að skila verkefni eða til minnis.
- Hefðir innan fræðagreina og -sviða: Formlegar og óformlegar reglur varðandi hvað er almennt talið viðeigandi innan ákveðinna fræðasviða, t.d. framsetningu inngangs, notkun fyrstu persónu eða hlutlausrar frásagnar, væntingar til efnisyfirlýsingar eða rannsóknarspurningar/tilgátu, væntingar til heimilda og gagna sem henta efninu, notkun á frumheimildum eða öðrum heimildum til stuðnings staðhæfingum og til að koma til skila ólíkum sjónarmiðum varðandi umræðuefnið. Höfundar vinna með heimildir samkvæmt venjum fræðasviðs, textategundar og tilgangi höfundar með skrifunum. Með aukinni reynslu og færni í heimildavinnu þróa höfundar með sér getu til að greina á milli eigin hugmynda og hugmynda annarra, þeir geta heimilda og byggja á þeirri vinnu sem hefur þegar verið unnin innan sviðsins eða efnisins og tilgreina mikilvæg dæmi.
- Gögn: Heimildir sem notaðar eru til að styðja og víkka á markvissan hátt hugmyndir höfundar í texta.

- Hefðir textategunda: Formlegar og óformlegar reglur ákveðinna tegunda texta eða annars efnis sem segja til um framsetningu, skipulag og blæbrigði, t.d. rannsóknarskýrsla, rannsóknarritgerð, ljóð, vefsíður o.s.fv.
- Heimildir: Textar (skriflegir, munnlegir, sjónrænir eða annars konar) sem höfundar nýta í ýmsum tilgangi við gerð texta til að víkka, þróa, skýra og móta hugmyndir eða til að færa fram móttrök.

# HÆFNIRAMMI FYRIR SKRIFLEG SAMSKIPTI

## Skilgreining

Skrifleg samskipti eru þróun og tjáning hugmynda í rituðu máli. Færni í skriflegum samskiptum felur í sér að geta unnið með ólíkar textategundir og mismunandi stíl. Það getur falist í að vinna með ólíkar ritunaraðferðir og blöndun texta, mynda og (tölfræðilegra) gagna. Færni í skriflegum samskiptum þróast með síendurtekinni reynslu í formlegu námi.

	Framúrskarandi	Áfangar		Lágmark
	4	3	2	1
<b>Samhengi og markmið skrifna</b> <i>Inniheldur ígrundun um lesendur, tilgang og ytri aðstæður skrifna.</i>	Sýnir ítarlegan skilning á samhengi, lesendum og tilgangi sem í samræmi við það verkefni sem sett var fyrir og skerpir á öllum þáttum í verkefninu.	Sýnir fullnægjandi skilning á samhengi, lesendum og tilgangi og hefur skýran fókus á það verkefni sem sett var fyrir (t.d. verkefnið tekur mið af lesendum, tilgangi og samhengi).	Sýnir að höfundur er meðvitaður um samhengi, lesendur og það verkefni sem sett var fyrir (t.d. sýnir vaknandi vitund um viðbrögð og forsendur lesenda).	Sýnir lágmarks skilning á samhengi, lesendum, tilgangi og því verkefni sem sett var fyrir (t.d. væntingar kennara eða hans sjálfs sem lesanda).
<b>Þróun efnis</b>	Notar viðeigandi og trúverðugt efni sem sýnir að höfundur hefur góð tök á viðfangsefninu, hefur skilning á því og mótar verkefnið í heild.	Notar viðeigandi og trúverðugt efni til að kanna hugmyndir innan fræðasviðsins og móta það í heild.	Notar viðeigandi efni til að kanna og þróa hugmyndir í flestum þáttum verkefnisins.	Notar viðeigandi efni til að þróa einfaldar hugmyndir í sumum þáttum verkefnisins.
<b>Hefðir innan fræðigreina og -sviða</b> <i>Formlegar og óformlegar reglur sem snerta væntingar til tiltekinnna fræðaskrifna eða textategunda (sjá hugtakalista).</i>	Sýnir fram á að vera vel meðvitaður um og fær um að beita fjölþættum hefðum fræðasviðs og/eða textategundar, þ.m.t. varðandi skipulag, inntak, framsetningu, sniðmát og blæbrigði.	Sýnir samkvæmni í að fylgja mikilvægum hefðum tiltekins fræðasviðs og/eða textategundar, þ.m.t. varðandi skipulag, inntaki framsetningu og blæbrigði.	Fylgir því sem til er ætlast á tilteknu fræðasviði og/eða í textategund í grunnskipulagi, inntaki og framsetningu.	Gerir tilraunir til að fylgja samræmdu kerfi þegar kemur að grunnskipulagi og framsetningu.
<b>Heimildir og gögn</b>	Sýnir fram á töluverða færni í notkun sinni á traustum, viðeigandi heimildum sem hann nýtir til að þróa hugmyndir sem eiga við fræðasvið og textategund skrifanna.	Notar gegnumgangandi traustar og viðeigandi heimildir til að styðja við hugmyndir sem falla undir fræðasvið og textategund skrifanna.	Sýnir viðleitni til að styðjast við traustar og viðeigandi heimildir til að styðja við hugmyndir sem eru viðeigandi fyrir fræðasvið og textategund skrifanna.	Sýnir viðleitni til að styðjast við heimildir til að styðja hugmyndir sem koma fram í skrifunum.
<b>Vald á setningafræði og málfræði</b>	Beitir fáguguð málfræði sem kemur - merkingu höfundar til skila með skýrum og greinargóðum hætti, þar sem varla má vinna villur í setninga- og málfræði.	Beitir skýru málfræði sem kemur almennt merkingu höfundar til skila. Fáar setningafræði- og málfræðivillur eru í verkefnum í sýnismöppunni/ferilmöppunni.	Notar málfræði sem kemur almennt merkingu höfundar til skila með tiltölulega skýrum hætti þó að einhverjar setningafræði- og málfræðivillur séu til staðar.	Málfræði kemur á köflum í veg fyrir skýran skilning á merkingu vegna fjölda villa í setninga- og málfræði.